
LÖGFRÆÐISVIÐ

Stöðuumboð

Stöðuumboð á grundvelli 2. mgr. 10. gr. laga nr. 7/1936 um
sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga og heimild
umboðsmanns á grundvelli stöðuumboðs

Ritgerð til BS gráðu

Nafn nemanda: Þórunn Unnur Birgisdóttir

Leiðbeinandi: Maj-Britt Hjördís Briem

Haustönn - 2014



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Staðfesting Lokaverkefnis
til B.S. – gráðu í viðskiptalögfræði

Lokaverkefnið:

Stöðuumboð

Höfundur: Þórunn Unnur Birgisdóttir

Lokaverkefnið hefur verið metið samkvæmt
kröfum og reglum Háskólans á Bifröst

og hlotið lokaeinkunnina: _____

Sviðstjóri lögfræðisviðs

Leiðbeinandi



Útdráttur

Í lokaverkefni þessu verður leitast við að skýra frá meginþekkingu stöðuumboðs. Í upphafi verður farið stuttlega yfir setningu samningalaga og hvernig venjuréttur kemur inn í samningalögin. Skilgreint verður stuttlega hvað felst í milligöngu við samningsgerð og lauslega greint frá helstu tegundum umboða. Aðal áhersla verður lögð á stöðuumboð og hvað felst í hugtakinu stöðuumboð. Fjallað er stuttlega um rýmkun á hugtakinu stöðuumboð í dómaframkvæmd í Danmörku og velt er upp spurningunni hvort að íslenskir dómstólar séu farnir að líta til atferlisumboðs í dómaframkvæmd sinni. Einnig verður farið yfir þær reglur sem gilda um umboðsmenn þegar kemur að stöðuumboði og skaðabótaábyrgð umboðsmanna ef þeir fara út fyrir umboð sitt.

Formáli

Lokaverkefni þetta er 14 ECTS eininga ritgerð til B.S. – gráðu í viðskiptalögfræði við lagasvið Háskólans á Bifröst. Yfirskrift ritgerðarinnar er : *Stöðuumboð á grundvelli 2. mgr. 10. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga og heimild umboðsmanns á grundvelli stöðuumboðs*. En eins og nafnið gefur til kynna fjallar ritgerðin fyrst og fremst um stöðuumboð.

Ritgerð þessi var unnin undir traustri handleiðslu leiðbeinanda míns, Maj-Britt Hjördís Briem, hdl, og vill ég þakka henni fyrir góðar ráðleggingar og alla þá hjálp sem hún veitti mér við gerð ritgerðarinnar.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Samningalög.....	3
2.1	Uppruni samningalaga.....	3
2.2	Venjuréttur samningalaga	4
3	Umboð.....	6
3.1	Milliganga við samningsgerð	6
3.2	Meginreglur um umboð.....	7
3.2.1	Stofnun umboðs.....	9
3.3	Meginreglur samningalaga um umboðsmenn	9
4	Tegundir umboða	10
4.1	Heimildarumboð.....	10
4.2	Sjálfstætt umboð.....	12
4.2.1	Tilkynningarumboð	12
5	Stöðuumboð	14
5.1	Almennt.....	14
5.2	Umboðs- og heimildarþáttur	15
5.3	Stofnun stöðuumboðs.....	16
5.3.1	Verk – og vinnusamningar	18
5.4	Reglur um stöðuumboð og heimild umboðsmanns.....	21
5.5	Rýmkun á stöðuumboði í norrænum rétti.	26
5.6	Brottfall stöðuumboðs	29
6	Heimildir umboðsmanns	30
6.1	Hversu víðtæk er heimild umboðsmanns	30
6.2	Undantekningarregla 11. gr. sml.	30
6.3	Skaðabótaábyrgð umboðsmanns	31
7	Þarf að endurskoða lagareglur um stöðuumboð?	35
8	Niðurstaða	37
9	Heimildaskrá	40
10	Lagaskrá	42
11	Dómaskrá	43

1 Inngangur

Íslensku samningalögin eru að mestu sniðin að norrænni fyrirmynd en Íslendingar fengu lög nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga¹ árið 1936. Fyrir setningu laganna voru til fá sett lög um þetta efni. Íslendingar áttu enga einkaréttarbók þar sem almennar reglur á sviði einkaréttar voru lögfestar². Venjuréttur var við lýði fyrir gildistöku laganna en með samningalögum var venjurétturinn lögfestur.³

Almenn ákvæði umboðs er að finna í II kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936. Umboð eru yfirleitt greind í tvennt, sjálfstæð umboð og heimildarumboð. Stöðuumboð er ein tegund sjálfstæðra umboða en yfirleitt stofnast stöðuumboð þegar starfsmaður er ráðinn til starfa hjá atvinnurekenda. Mjög mismunandi getur verið hvað fellur innan starfsviðs starfsmanna en yfirleitt er stöðuumboð starfsmanna markað við venjur og lög sbr. 2. mgr. 10. gr. sml.


Í eftirfarandi ritgerð er gert grein fyrir hugtakinu stöðuumboð, hvað reglur gilda um stofnun stöðuumboðs, á hverju reglurnar eru byggðar í lögum og hverjar heimildir umboðsmanna eru í kjölfar stöðuumboðs. Í 2. mgr. 10. gr. sml. er kveðið á um stöðuumboð en þar segir: „Sé maður, samkvæmt samningi við annan mann, í stöðu, er eftir lögum eða venju felur í sér heimild til þess að reka erindi hins innan vissra takmarka, þá telst hann hafa umboð til þess að gera þá löggerninga, sem innan þeirra takmarka eru“.

Ákveðnir annmarkar eru á ritgerðinni vegna lengdar, höfundur fjallar til að mynda lítillega um norrænan rétt og stutt umfjöllum verður um atferlisumboð í dönskum rétti. Dómar voru valdir með því hugarfari að varpa skýrara ljósi á hvað fellur innan hugtaksins stöðuumboð en allmargir dómar hafa fallið um mörk stöðuumboðs bæði á Íslandi og Danmörku. Höfundur bendir þó á að ekki sé um tæmandi upptalningu og greiningu á dómum að ræða en vonar að þeir dómar sem reifaðir eru varpi að einhverju leyti ljósi á hvernig stöðuumboð er túlkað af íslenskum dómstólum. Dönsk dómafrankvæmd og skrif danskra fræðimanna eru enn fremur höfð til hliðsjónar í ritgerðinni en þykir rétt að taka danskan rétt inn í greinagerðina þar sem íslensku

¹ Hér eftir sml. Lögin eru í daglegu tali kölluð Samningalög.

² Alþingistíðindi, 1935 A, þskj. nr. 428, bls. 780- 782

³ Sigurður Línal. (2010). *Um lög og lögfræði*. Bls. 151



samningarlögin eru að meginstefnu samhljóðandi dönsku samningarlögunum. Danskir dómur eru hafðir til viðmiðunar og fyllingar þeim reglum sem hægt er að leiða af íslenskri dómaframkvæmd.

Uppbygging ritgerðarinnar verður með þeim hætti að í upphafi verður fjallað um uppruna og setningu samningalaganna og gerð verður grein fyrir venjurétti í íslenskum lögum. Næst verður lögð áhersla á að greina frá milligöngu við gerð samninga og þá sérstaklega hvað felst í umboði, en umboð er ein tegund staðgöngu. Gerð verður grein fyrir helstu meginreglum samningalaga er viðkoma umboði og helstu meginreglum samningalaga um umboðsmenn. Þá verður farið yfir gerðir umboða og farið stuttlega yfir muninn á sjálfstæðu umboði og heimildarumboði. Í fimmtakafla verður gerð ýtarleg grein fyrir stöðumboði en stöðumboð er ein tegund sjálfstæðs umboðs. Atferlisumboð í danskri dómaframkvæmd verður stuttlega reifað, en vegna lengdar annmarka verður aðeins reifuð stuttlega skoðanir fræðimanna á því umboði. Í sjötta kafla verður fjallað um heimildir umboðsmanns, hversu víðtæk heimildin er, undantekningarreglu 11. gr. sml. og skaðabótaábyrgð umboðsmanns sbr. 25. gr. sml. Í sjöundakafla verður svo fjallað stuttlega um hvort að endurskoða þurfi ákvæði samningalaga um stöðumboð. Að lokum er dregin saman niðurstaða úr efni ritgerðarinnar.

Við vinnslu ritgerðarinnar er notast við lögfræðilega aðferð, en byggir ritgerðin á lögum, greinagerðum, frumvarps texta, dómum, úrskurðum, ásamt því að rit fræðimanna eru skoðuð.

2 Samningalög

2.1 Uppruni samningalaga

Áður en samningalögin voru sett árið 1936 áttu Íslendingar enga einkaréttarlögbók. Jónsbók var að mestu löngu orðin úrelt og ákvæði hennar mörg hver fallin niður. Höfðu skapast venjureglur um höfuðatriði einkaréttarins⁴ og voru þær að mestu fastar og ótvíræðar. Voru reglurnar í nánú samræmi við þær reglur sem giltu hjá hinum skandinavísku þjóðum um sama efni.⁵ Árið 1901 markaði þáttaskil í norrænni lagasamvinnu, en þá var sett á fót nefnd sem átti að samræma löggjöfina í Svíþjóð, Danmörku og Noregi.⁶ Nefndin var kölluð Samvinnunefndin,⁷ og var hún fengin til þess að semja nokkur lagafrumvörp um einstök efni þar á meðal samningalögin.⁸ Íslendingar voru síðastir að lögtaka samningslög en voru þau lögtekin fyrst í Svíþjóð árið 1915 svo komu Danmörk, Noregur og Finnland en Ísland fylgdi í kjölfarið árið 1936. Lögin eru að næstu samhljóðandi á öllum Norðurlöndunum.⁹

Lögin voru að mestu leyti samansafn af réttarvenjum úr þúsundum dómafordæma á Norðurlöndunum. Reglurnar höfðu þó verið við lýði í íslenskum kröfurétti án þess þó að þær höfðu verið skráðar og lögteknar. Lögin voru sett til hægðarauka, þótti best að hafa lögin sem skýran lagabókstaf en áður var farið eftir kenningum og réttarvenjum.¹⁰

Það var almennt ekki lögfest í skandinavískum rétti að ósanngjörnum samningum bæri að vísa til hliðar. Breytingar voru gerðar á samningalögunum í Norðurlöndunum til að styrkja stöðu og rétt neytenda og þeirra sem ætla mætti að beri veikari stöðu við samningagerð. Samningalögin á norðurlöndunum höfðu staðið nær óbreytt til 1975 en á árunum 1975 til 1983 var þriðja kafla um ógildingarástæður laganna breytt.¹¹ Íslendingar fylgdu í kjölfarið en samningalögin stóðu óbreytt fram til ársins 1986 á Íslandi en þá var lagt fram frumvarp til breytinga á lögunum. Breytingarnar voru að langmestu leyti að norrænni fyrirmynd, en þótti það eðlilegast vegna

⁴ **Orðskýring:** sama og einkamálaréttur, heiti á megin sviði lögfræðinnar. Heimild: Páll Sigurðsson. (2008). *Lögfræðiorðabók með skýringum*. Bls. 99

⁵ Alþingistíðindi, 1935 A, þskj. nr. 428, bls. 782-783

⁶ Henrik Tamm. (1972). *De nordiske juristmøder 1872-1972 – Nordisk retssamvirke gennem 100 år*. Bls. 129.

⁷ Í nefndinni sátu m.a. Julius Lassen, Fredrik Stang og Tore Almén en leiddu þeir nefndina. Heimild: Lennart Lynge Anderssen. (2004). *Julebog – Hvad må en ledende (bank) medarbejder love kunde ?- Er reglerne om stillingsfuldmagt utisvarende ?* Bls 9.

⁸ Alþingistíðindi, 1935 A, þskj. nr. 428, bls. 782-783

⁹ H. Ussing. (1945). *Aftaler paa formurettens omraade*. Bls. 3

¹⁰ Alþingistíðindi, 1935 A, þskj. nr. 428, bls. 1218-1219

¹¹ Alþingistíðindi, 1985-1986 A, þskj. nr. 493, bls. 4.

tengsla Íslendinga við hinar skandinavísku þjóðirnar. Miðað var við að samræma íslenska löggjöf við þá skandinavísku, einnig var þá bent á það að íslensku samningalögin voru að meginstefnu til samhljóðandi þeim skandinavísku þegar þau voru sett eins og að framan er lýst. Breytingarnar fólust aðallega í breytingum á þriðja kafla samningalaganna, en 36. gr. var þá lögfest, við það að innleiða nýja almenna ógildingarreglu um ósanngirni, jukust þær heimildir sem lögin veittu til þess að endurskoða samninga og annarra löggerninga. Almennri lagaheimild til þess að víkja ósanngjörnum samningum til hliðar var lengi vel ekki til í skandinavískum rétti. Danir voru fyrstir til þess að lögleiða almenna ógildingarreglu árið 1975 og fylgdu svo Svíþjóð og Noregur í kjölfarið.¹² Samningalögunum hefur verið breytt alls sjö sinnum frá því þau voru lögfest. Með lögum nr. 11/1986, nr. 14/1995, nr. 14/1995, nr. 151/2001, nr. 72/203, nr. 108/2006, nr. 98/2009 og nr. 126/2011. Fjallað er um umboð í II kafla samningalaga, en engar breytingar hafa orðið á fyrstu tveimur köflum samningalaganna frá því að lögin voru sett árið 1936.

2.2 Venjuréttur samningalaga

Með samningalögunum var venjuréttur¹³ lögfestur eins og áður sagði, en mikið hagræði getur falist í því í því að ákveðnar venjur eða réttarreglur skapist. Má þar nefna ákveðið hagræði í viðskiptalífínu, venjum fylgir hagræði í því að það þarf ekki að semja um sérstaka hluti sem menn telja að felist almennt í viðkomandi tegund löggernings. Löggjöf á viðskiptasviði hafa að geyma margskonar venjur sem skapast hafa yfir langan tíma ásamt því að vera byggð á kenningum fræðimanna. Venja er upprunalegri réttarheimild en sett lög, en venjuréttur er talin vera fyrstu viðbrögð samfélagsins við upplausn og öngþveiti sem getur myndast vegna hagsmunaárekstra þegnanna.¹⁴

Í 2. mgr. 10. gr. sml. er lögð jafn mikil áhersla á lög og venju, en þar er kveðið á um að ef maður setur annan mann í þá stöðu sem fer eftir lögum eða venju, felur það í sér heimild til þess að reka erindi hins innan ákveðinna marka. Með þessu er venja löghelguð sem réttarheimild, en löggjafinn mælir fyrir um að háttsemi manna í tilteknu samhengi, á tilteknum sviðum, skuli eða megi leggja til grundvallar og ákvarðar með því rétt manna eða skyldu.¹⁵ Ákvæði 1. gr. sml.

¹² 493. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 7. 1. febr. 1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. 26. mál. Sótt. 1. okt. 2014. af <http://www.althingi.is/altext/108/s/pdf/0493.pdf>

¹³ **Orðskýring:** Sú háttsemi sem menn fylgja á tilteknu tímabili getur að framangreindum skilyrðum uppfylltum orðið til þess að venja verði réttarheimild, þ.e. grundvöllur undir réttarreglu. Heimild: Sigurður Línadal. (2010). *Um lög og lögfræði*. Bls. 151

¹⁴ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 55

¹⁵ Sigurður Línadal. (2010). *Um lög og lögfræði*. Bls. 161

gengur en lengra en það er kveðið á um að „ef eigi leiði annað af löggæringnum sjálfum [...] eða annarri venju“ skal beita lögunum, hér gengur venja framur ákvæðum laga.

Svo að venja verði lögbindandi þurfa ákveðin skilyrði að vera uppfyllt, venjan þarf að hafa traustan grundvöll en því eldri og fastmótaðri sem venjan er því traustari grundvöll er hún talin hafa. Það er þá mikilvægt að venjunni hafi verið fylgt stöðugt og samkvæmni hefur verið í fylgni við venjuna. Verður þá að virða að venja sér til staðar, má þá til dæmis nefna starfsvenju, iðnaðarmaður vinnur til að mynda störf sín eftir venju sem fyrirfinnst á hans sviði. Venjan verður þá að vera réttlát, sanngjörn og haganleg. Venjan geymir þá reglu sem er eðlileg í framkvæmd og verður að vera í samræmi við meginreglu laga. Í raun má því ætla að venja verði að vera tæplega gömul og rótgróin til þess að uppfylla þessi skilyrði.¹⁶

Það er til að mynda er fastmótuð og viðtekin venja að þjóðarrétti að utanríkisráðherra hafi stöðuumboð í krafti embættis síns.¹⁷ Í skýringum við 21. gr. stjórnarskrárinnar kemur fram að utanríkisráðherra hafi í krafti stöðuumboðs síns, heimild til þess að skuldbinda íslenska ríkið að þjóðarrétti með einhliða yfirlýsingu, í eigin nafni. Er þá falið í stöðuumboði annarra fulltrúa utanríkisráðherra að þeir hafi takmarkaða heimild til þess að gera samninga við stofnanir annarra ríkja, þá einkum samstarfssamninga. Þessi heimild er þó túlkuð þröngt og byggðar á stöðuumboði viðkomandi stjórnvalds en stöðuumboðið nái ekki til eiginlegra þjóðarréttarsamninga.¹⁸ Umboð er ein tegund milligöngu við samningsgerð, þegar kemur að umboði er venja mjög mikilvæg en stöðuumboð í 2. mgr. 10. gr. sml. byggir eins og áður sagði á venju eða lögum.

¹⁶ Sigurður Línal. (2010). *Um lög og lögfræði*. Bls. 176-182

¹⁷ Utanríkisráðuneytið. (2011). *Athugasemdir utanríkisráðuneytisins við drög at tillögu Stjórnlagaráðs um kafla um utanríkismál í stjórnarskrá*. Bls. 3. Sótt 2. okt. 2014 af: http://stjornlagarad.is/servlet/file/Minnisbla%C3%B0+C+7.7+Utanr%C3%ADkistr%C3%A1%C3%B0uneyti.pdf?ITEM_ENT_ID=34755&ITEM_VERSION=1&COLLSPEC_ENT_ID=127

¹⁸ Eiríkur Tómasson, Björg Thorarensen o.fl. (2005). *Skýringar við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands*. Bls.22. <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/frettir/skyringar.pdf>

3 Umboð

Íslensku samningalögin hafa að geyma fjóra kafla. Fyrsti kafli samningalaganna er frávíkjanlegur þar sem hann hefur að geyma skýringarlög (d. deklaratörisk lov) en II, III og IV kafla eru ófrávíkjanlegir.¹⁹ Umboðsreglur samningalaga er að finna í II kafla laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga²⁰ en umboð er ein tegund milligöngu við samningsgerð.

3.1 Milliganga við samningsgerð

Milliganga við samningsgerð hefur tíðkast lengi, en í landsleigubálk Jónsbókar er greint frá því að hver maður skuli hafa með sér umboðsmann við kaup á jörð.²¹ Milliganga kallast það þegar aðili veitir aðstoð til að koma á samningi á milli annarra aðila. Getur sú aðstoð verið fólgin í því að koma á viðskiptum á milli A og C. B er þá milligöngumaðurinn, en hann gerir ekki löggerning²² fyrir hönd A né í eigin nafni. Getur þetta t.d. verið viðskipti með fasteignir og er B þá í hlutverki fasteignarsala. B hefur þá það hlutverk að koma á viðskiptum á milli A og C en hann gerir ekki samning þeirra á milli.

Milliganga getur þá einnig verið fólgin í því að B gerir samning fyrir hönd A við C. Stofnast þá löggerningur á milli A og C, en ekki á milli B og C. Nefnist þessi tegund milligöngu staðganga. Samningurinn verður þá bindandi fyrir A gagnvart C en ekki B. B er í raun aðeins að koma fram í nafni A ekki í sjálf síns nafni. Það er hægt að taka dæmi um það þegar B er sölumaður/umboðsmaður fyrir A, B hefur þá umboð frá A til að selja bíl. A veitir B ákveðin fyrirmæli og verður B að starfa innan heimildarinnar sem hann hefur frá A. B selur C svo bílinn. Samningurinn verður bindandi fyrir A, A verður að afhenda C bílinn og C verður að greiða A fyrir bílinn. Samningurinn er því ekki bindandi fyrir B, heldur hefur komist á löggerningur á milli A og C. B stendur semsagt utan þess réttarsambands sem verður á milli A og C.

Undir staðgöngu heyra m.a. lögráðamennska²³ og umboðsmennska í merkingu samningalaganna. Umsýsla er einnig ákveðin tegund milligöngu en það sem greinir milligöngu

¹⁹ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 35

²⁰ Hér eftir samningalögin, skammstafað sml.

²¹ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 31

²² **Orðskýring:** Viljayfirlýsing sem ætlað er að stofna rétt, breyta rétti eða fella niður rétt. Heimild: Páll Sigurðsson. (2008). *Lögfræðiorðabók með skýringum*. Bls. 263.

²³ **Orðskýring:** dæmi t.d. þegar menn sem eru ólögráða og hafa ekki hæfi til þess að ráða sér eða eigum sínum þá verða þeir að fela öðrum mönnum (lögráðamönnum) að fara með forsjá mála fyrir hönd þeirra. Heimild: Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 247

frá umboði er að umboð er gert í nafni umbjóðanda en umsýsla er þegar umsýslumaður semur í eigin nafni við þriðja mann fyrir reikning umsýsluveitenda.²⁴

Ekki eru til nein lagaákvæði um umsýslu á Íslandi,²⁵ en í dómi Hæstaréttar frá 10 september 2013 í máli *Hrd. 10. september 2013 (587/2013)* taldi Hæstiréttur rétt að rekja grundvallarreglur umsýsluviðskipta.

Hrd. 587/2013

Meginreglan er sú að til að um umsýsluviðskipti sé að ræða þurfi að liggja til grundvallar tveir samningar. Annars vegar þurfi að liggja fyrir samningur milli umsýsluveitanda og umsýslumanns. [...] Hins vegar þurfi að liggja fyrir samningur milli umsýslumanns og viðskiptavinar hans.

Mál hafa komið upp þar sem deilt er um hvort að um umsýsluviðskipti eða umboð sé að ræða. Í dómi Hæstaréttar frá 5. mars 2009 í máli *Hrd. 5. mars 2009 (392/2008)* reyndi einmitt á þessi skil.

Hrd. 392/2008.

Samningur hafði verið gerður en hvergi var tilgreint í samningi hver umbjóðandi var, aðeins var tilgreint „f.h. umbjóðanda“, ekki var því talið að í skjóli umboðs að ætlaður umbjóðandi yrði bundinn af samningnum sbr. 1. mgr. 10. gr. sml. Aftur á móti var ekki deilt um það að um umsýsluviðskipti væru að ræða og milligönguaðilinn væri í stöðu umsýslumanns í viðskiptunum.

Umbjóðandinn var því ekki bundinn af samningnum en umsýslumaðurinn var það hinsvegar. Umbjóðandinn gat því ekki gengið inn í samninginn sökum aðildarskorts.

3.2 Meginreglur um umboð

Samningalögin hafa ekki að geyma neinar sérreglur um annarskonar staðgöngu eða milligöngu en umboð, en reglurnar eru þó ekki tæmandi taldar á því sviði.²⁶ Umboðskeningin (d. fuldmagtslæren) fjallar um reglur umboðs og greinir frá þeim reglum sem gilda í viðskipum manna á milli. Það er þekkt staðreynd í samfélaginu að umboðsmenn gera samning fyrir umbjóðendur sína sem hafa þau réttaráhrif að umbjóðandinn verður skuldbundinn af samningnum. Umboðskeningin er því mikilvæg og mikilvægi hennar er meira áberandi vegna þess að það gilda ekki sérstakar reglur fyrir hópa milliliða og umboðsmanna, heldur eru reglurnar þær sömu. En regluverkið á bak við kenninguna stjórnar því hvernig viðskipti umboðsmanns við viðsemjanda er háttað.²⁷

²⁴ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 169

²⁵ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 171

²⁶ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 171

²⁷ Lennart Lynge Andersen og Palle Bo Madsen. (2012). *Aftaler og mellemænd*. Bls. 271

Umboð er skýrt svo í frumvarpi með samningalögum, að maður notaði milligöngu annars manns við gerð löggernings, milligöngumaðurinn gerir samning í nafni annars manns en ekki í nafni sjálf síns. Það er þó tekið fram að lögin eigi þó ekki við annarskonar milligöngu við gerð löggernings.²⁸ Meginreglu um skuldbindingargildi löggernings er að finna í 1. mgr. 10. gr. en í greininni er fjallað um að ef maður gerir löggerning í nafni umbjóðanda og heldur sig innan þess umboðs sem hann hefur, þá skapi löggerningurinn rétt og skyldur fyrir umbjóðandann. Ákvæðið vísar í að löggerningur²⁹ sé gerður samkvæmt umboði.³⁰

Til þess að löggerningur skapi rétt og umbjóðandinn verði skuldbundinn við löggerninginn nægir loforð umboðsmanns. Það þarf ekki að koma nýtt loforð frá umbjóðanda. Það þarf ekki að vera neitt framsal frá umbjóðanda til umboðsmanns né þarf aðra yfirlýsingu frá umboðsmanni. Það eitt nægir að umboðmaðurinn hafi gert löggerning í nafni umbjóðanda síns.³¹ Þegar umboðsmanni er veitt heimild til þess að gera samninga fyrir hönd umbjóðanda síns, felst það í viljayfirlýsingu eða annarskonar hegðun frá umbjóðanda þess efnis að umboðsmanni er heimilt að gera samning við þriðja mann fyrir hans hönd.³²

Þegar um umboð er að ræða er alltaf gert ráð fyrir þremur aðilum, umbjóðanda, en hann er sá sem veitir umboðið, umboðsmanni, það er sá aðili sem umboð er veitt og þriðja manni, en það er sá aðili sem umboðsmaður semur við í nafni umbjóðanda síns.³³ Það er hægt að bera umboð saman við þríhyrning. Hann hefur þrjár hliðar, ein hliðin er umbjóðandinn, önnur hliðin umboðsmaðurinn og þriðja hliðin þriðji maður. Ein hliðin felur í sér samband umbjóðanda og þriðja manns, þetta samband er má kalla ytra samband, önnur hlið felur í sér samband á milli umbjóðanda og umboðsmanns og er það hið innra samband. Þriðja hliðin er svo samband á milli umboðsmanns og þriðja manns. Annar kafli samningalaganna fjallar um þetta ytra samband umboðsins. Ekki hafa verið sett lagaákvæði um þetta innra samband, en 25. gr. sml fjallar um þriðju hliðina.³⁴

²⁸ Alþingistíðindi, 1935 A, þskj. nr. 428, bls. 789

²⁹ **Orðskýring:** viljayfirlýsing sem ætlað er að stofna rétt, breyta rétti eða fella niður rétt. Heimild: Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 37

³⁰ Páll Sigurðsson. (2008). *Lögfræðiorðabók með skýringum*. Bls. 263

³¹ Alþingistíðindi, 1935 A, þskj. nr. 428, bls. 790

³² Lennart Lynge Andersen og Palle Bo Madsen. (2012). *Aftaler og mellemænd*. Bls. 271-272

³³ Árni Tryggvason og Bjarni Bjarnason. (1952). *Formálabók*. Bls. 167

³⁴ Lennart Lynge Andersen og Palle Bo Madsen. (2012). *Aftaler og mellemænd*. Bls. 272

3.2.1 Stofnun umboðs

Almennar túlkunarreglur gilda um það hvort að umboð hafi stofnast og hvert efni umboðsins er. Í íslensku lagamáli er orðið umboð notað í þrennskonar merkingu, um réttarstöðuna, um löggerninginn og um skjalið. Umboði er oft ruglað saman við það sem að réttu mætti kalla umsýslu eins og áður var greint frá í kafla 3.1. Umboðsgerningurinn hefur takmarkað gildi fyrir umbjóðanda þar til umboðsmaður hefur notað þann rétt og það vald sem umboðið veitir honum. En umboðsgerningur er yfirlétt yfirlýsing um að tilgreindur maður hafi umboð í ákveðna átt. Gerningurinn er grundvöllur þess að réttarsamband verður til á milli þriðja manns og umbjóðanda.³⁵

3.3 Meginreglur samningalaga um umboðsmenn

Það hefur almennt verið litið svo á að umbjóðandi þurfi ekki að vera lögráða svo að hann geti gert fjármunaréttarlega gerninga í nafni umbjóðanda síns.³⁶ Geta verið undantekningar á því í lögum, er þá sérstaklega hægt að nefna lögræðislög nr. 71/1997. Þó svo að það séu ekki almennar reglur um það að umboðsmenn þurfa að vera lögráða er hægt að setja ákveðnar kröfur til þroska og andlega hæfni umboðsmannsins.³⁷

Milliganga umboðsmanns hvílir á tveimur löggerningum umbjóðenda, annarsvegar er yfirlýsing þess efnis að hann feli umboðsmanni ákveðin erindisrekstur og hinsvegar yfirlýsing þess efnis til þriðjamanns að hann sé bundinn við þá samninga sem umboðsmaður gerir í hans nafni.³⁸ Getur það verið bein eða óbein yfirlýsing, bein yfirlýsing getur verið með ýmsum hætti og má þá til að mynda nefna skjal sem umboðsmaður hefur fengið í hendur sem ætlast er til að sýnd verði þriðja manni. Getur það verið tilkynning annað hvort skrifleg eða munnleg, eða yfirlýsing sem er beint til þriðjamanns eða almennings. Óbein yfirlýsing getur þá til dæmis falist í starfi viðkomandi verslunarmanns, en þá er umboðsmaður settur í ákveðna stöðu hjá umbjóðanda sem felur í sér umboð hans svokallað stöðuumboð.³⁹ Nánar verður fjallað um stofnun stöðuumboðs í kafla 3.2.1.

³⁵ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 174-175

³⁶ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 177.

³⁷ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 177.

³⁸ Alþingistíðindi, 1935 A, þskj. nr. 428, bls. 789

³⁹ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 174

4 Tegundir umboða

Umboð skiptis almennt í tvo flokka, *sjálfstæð umboð* og *heimildarumboð*. Þegar umboð hefur sjálfstæða tilveru gagnvart þriðja manni er talað um sjálfstæð umboð, umboðið sjálft þarf þá ekki að fara saman við heimildina frá umbjóðanda. Þegar talað er um heimildarumboð ferð þá hinsvegar heimildin og umboðið ætíð saman.⁴⁰ Skiptingin á milli umboðs og heimildarinnar er að þýskri fyrirmynd, en þýsk lögfræði var höfð til hliðsjónar þegar norrænu samningalögin voru sett. Til að mynda er gert ráð fyrir tilkynningarumboði og heimildarumboði í 167. gr. reglum þýsku lögbókarinnar.⁴¹

Eins og áður hefur komið fram flokkast stöðuumboð sem sjálfstætt umboð og verður nánar fjallað um það í kafla 5. Fyrst verða þó reglur sem lúta að heimildarumboði reifaðar.

4.1 Heimildarumboð

Heimildarumboð hefur gjarnan verið kallað í 18. gr. umboð, en kemur sú skilgreining upphaflega frá Ussing.⁴² Í 18. gr. sml. er kveðið á um „Umboð, sem felst aðeins í yfirlýsingu umbjóðanda til umboðsmanns“. Þegar um heimildarumboð er að ræða verður viðsemjandinn að taka orð umboðsmanns trúanleg um að hann hafi heimild til þess að gera samning fyrir umbjóðanda sinn. Áhætta fyrir viðsemjanda getur því verið meiri en þegar um sjálfstætt umboð er að ræða. Viðsemjandinn verður þá að meta áhættuna ef hann nær ekki sambandi við meintan umbjóðanda.⁴³ Meginreglan er samt sem áður sú að þrátt fyrir að umboðsmaður fari út fyrir sérstök fyriræli sem felast í heimildinni, svo lengi sem umboðsmaður heldur sig innan ramma umboðsins. Þá hefur það ekki áhrif á réttarsamband á milli umbjóðanda og viðsemjanda.⁴⁴

Í 2. mgr. 11. gr. sml. er þó kveðið á um, að þó svo að þriðji maður sé grandlaus⁴⁵, ef um heimildarumboð 18. gr. sml. sé að ræða, þá sé löggerningur ekki skuldbindandi fyrir umbjóðanda. Í greinagerð með frumvarpi til samningalaga segir þó, ef að umbjóðandi hafi veitt umboðsmanni skriflegt umboð eða með öðrum sannanlegum hætti, verður gjörningur skuldbindandi fyrir umbjóðandann, ef hann er innan marka umboðsins, þó svo að takmörkun á umboðinu fari í bága við gerninginn sem um ræðir. Það er að segja ef viðsemjandi er

⁴⁰ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 180

⁴¹ Páll Sigurðsson. (1993). *Lagaþættir II – Greinar af ýmsum réttarsviðum*. Bls. 70

⁴² Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 185

⁴³ Páll Sigurðsson. (2009). *Um lög og rétt*. Bls. 235

⁴⁴ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 188

⁴⁵ **Orðskýring:** Sama og góð trú, eða vita ekki að betur en manni sé óhætt, að lögum, að gera e-h eða láta ógert. Heimild: Páll Sigurðsson. (2008). *Lögfræðiorðabók með skýringum*. Bls. 170

grandlaus.⁴⁶ Í dómi Hæstaréttar frá 5. febrúar 2009 í máli *Hrd. 5. febrúar 2009 (266/2008)* reyndi á heimild umboðsmanns vegna heimildarumboðs.

Hrd. 266/2008

Málavextir voru þeir að Í hafði gert samning við I, samningurinn heimilaði Í að gera váttryggingarsamninga fyrir hönd I. Hafði Í þá m.a. heimild til þess að gefa út váttryggingarskírteini. Í átti hinsvegar að sjá til þess að I yrði ekki skuldbundinn að tryggingum sem tækju gildi eftir uppsögn samnings á milli Í og I. Samningurinn átti að gilda til 31. ágúst 2002 og framlengjast þá sjálfkrafa um einn mánuð. Í átti þá einnig að afla samþykkis I ef þeir gáfu út váttryggingarskírteini. B starfaði á vegum Í og tók hann hóptilboði um sjúkratryggingar sem Í bauð honum á starfsmannakjörum. B veiktist árið 2003 og krafði I um bætur úr áðurnefndri tryggingu. I hafnaði greiðsluskyldu og hélt því fram að Í hefði farið fram fyrir heimildarumboð sitt. Í hefði ekki aflað samþykkis fyrir hóptilboðinu. Tryggingar B áttu þá ekki að endurnýjast sjálfkrafa lögum samkvæmt sbr. samning á milli I og Í. Þar sem Í hefði ekki farið eftir fyrirætlunum Í væri þessi ráðstöfun ekki bindandi fyrir I. Þar sem B var grandlaus um efni samningsins á milli I og Í taldi Hæstiréttur að yrði B ekki látinn bera hallann af því að Í hafði farið út fyrir heimild sína samkvæmt samninginum. Taldi Hæstiréttur einnig að þar sem B hafði ekki verið gerð grein fyrir því að tryggingarnar endurnýjuðust ekki sjálfkrafa eins og kveður á um í lögum, bæri B ekki hallann af því. I bar bótaábyrgð og var dæmdur til þess að greiða B bætur.

Hér fór umboðsmaður út fyrir sérstök fyrirætlun sem fólust í heimildarumboði sínu en taldi Hæstiréttur að viðsemjandinn ætti ekki að bera skaðann af því, enda hefði hann verið grandlaus. Í dómi Hæstaréttar frá 29. apríl 1999 í máli *Hrd. 1999, bls. 1817 (406/1998)* reyndi á hvort heimild umboðsmanns á viðtöku greiðslu fæli einnig í sér umboð hans til að ráðstafa greiðslu til þriðja manns.

Hrd. 406/1998

Fasteignarsala M auglýsti fasteign til sölu, félagið H hugðist kaupa eignina og í framhaldinu var gerður samningur þess efnis. K starfsmaður M útbjó fjögur veðskuldabréf, en þeim var öllum þinglýst á eignina. Ekki tókst að selja bréfin og kaupin gegnu til baka. B stafsmanni M var þá falið að óska eftir því að bréfin yrðu afmáð úr þinglýsingarbók og viðtöku endurgreiðslu stimpilgjalda vegna þess. Lögmannstofa L var í eigu sömu eiganda og fasteignarsalan M. Sendi L í kjölfari þessa reikning til M fyrir lögfræðisþjónustu vegna kaupanna og endurgreiddi H aðeins hluta stimpilgjaldanna sem hann hefði greitt. H krafði M um fulla greiðslu vegna stimpilgjaldanna. M tókst ekki að sanna að B hefði heimild til þess að ráðstafa endurgreiðslunni. Komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að M hefði ekki haft heimild til þess að ráðstafa hluta endurgreiðslunnar til greiðslu skuldar H við þriðja aðila. M þurfti því að greiða H til baka eftirstöðvarnar af endurgreiðslunni.

Í þessum dómi Hæstaréttar starfar þriðji maður og umboðsmaður hjá sama aðila. Það má því álykta að þriðji maður hafi ekki verið grandlaus, þó svo að það komi hvergi fram í dómnum. Í þessum tveimur dómum Hæstaréttar frá 5. febrúar 2009 í máli *Hrd. 5. febrúar 2009 (266/2008)*

⁴⁶Alþingistíðindi, 1935 A, þskj. nr. 428, bls. 790

og 29. apríl 1999 *Hrd. 1999, bls. 1817 (406/1998)*, má sjá ólíka niðurstöðu dómsins eftir því hvort að þriðji maður er grandlaus eða ekki.

Stundum er erfitt að meta það hvort um heimildar er tilkynningarumboð er að ræða. Munurinn felst einkum í því að í tilkynningarumboði er tilkynningu beint til þriðja manns, en með heimildarumboði er tilkynningu einungis beint til umboðsmanns. Það er þá hægt að greina muninn á því hvort að þriðji maður vissi að tilvist umboðsins eða ekki. Ef þriðji maður veit ekki af tilvist umboðsins og umboðinu er ekki beint til hans, þá er um heimildarumboð að ræða.⁴⁷ Dæmi má nefna að ef um skriflegt umboð er að ræða er yrði það talið vera tilkynningarumboð sbr. 16. gr. sml. Ef umboðið er munnlegt yrði það talið vera heimildarumboð sbr. 18. gr. Bæði umboðin hafa réttaráhrif sama hvor skýringarkosturinn er valinn, á það þá bæði við um afturköllun umboðs eða þegar það tilvik kemur upp að umboðsmaður fer út fyrir heimild sína samkvæmt því umboði sem hann hefur. Það er meiri áhætta fyrir viðsemjanda þegar um er að ræða heimildarumboð heldur en tilkynningarumboð. Afturköllun umboðs er ákvöð⁴⁸, þegar umboðsmaður fær yfirlýsingu þess efnis frá umbjóðanda að heimildin sé fallinn niður þá fellur heimildarumboðið niður. Eins og áður var greint frá fara umboðið og heimildin ávallt saman sbr. 18. gr. sml.⁴⁹

4.2 Sjálfstætt umboð

Sjálfstæð umboð skiptast í tvær tegundir umboða, tilkynningarumboð og stöðuumboð. Um sjálfstæð umboð er fjallað í 10., 13. og 14. gr. sml. en þessar tvær tegundir sjálfstæðra umboða eru megintegundir þess. Fjallað verður ýtarlega um stöðuumboð í kafla 5.

4.2.1 Tilkynningarumboð

Tilkynningarumboð greinist þá í þrjá stofnhætti; umboð sem beint er persónulega til þriðja manns, umboðskjal handa umboðsmanni og almenna tilkynningu og prókúruumboð.⁵⁰ Í 13. gr. sml. segir að „hafi umbjóðandi komið umboðinu til vitundar þriðja manns með yfirlýsingu“. Getur þessi yfirlýsing verið munnleg, skrifleg eða með öðrum hætti, en krafa er að henni verði að vera beint til þriðja manns sérstaklega.⁵¹ Tilkynningarumboð er talin öruggasta leiðin til þess

⁴⁷ Lennart Lyngé Andersen og Palle Bo Madsen. (2001). *Aftaler og mellemænd*. Bls. 291

⁴⁸ **Orðskýring:** Löggerningur sem ætlað er að binda loforðsmóttakanda. Heimild: Páll Sigurðsson. (2008). *Lögfræðiorðabók með skýringum*. Bls. 43

⁴⁹ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 180-186

⁵⁰ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 180

⁵¹ Lennart Lyngé Andersen og Palle Bo Madsen. (2001). *Aftaler og mellemænd*. Bls. 290

að sýna væntanlegum viðsemjendum að umboðsmaður hafi umboð frá umbjóðanda sínum.⁵² Í dómi Hæstaréttar 3. febrúar 2000 í máli *Hrd. 2000, bls. 329 (328/1999)* reyndi á hvort að um munnlegt tilkynningarumboð hafði verið að ræða.

Hrd. 328/1999.

Málavextir voru þeir að G hafði tekið út af kjörbókarreikningi L hjá innlánsdeild K. L var látin og töldu erfingjar L að K hefði ekki haft heimild til þess greiða G peninginn. L átti að hafa veitt G munnlegt umboð til þess að taka út fjármuni til eigin nota af bankareikningi L á skrifstofu K. Vegna heilsufars L var munnlegt umboð látið nægja. Ekki þótti sannað að L hefði getað vitað að G væri að taka út af reikningi hennar. Skrifstofustjóri K gat þá ekki fullyrt hvort að munnlegt umboð hefði í raun verið gefið. Hefði G verið í lófa lagið að afla sér nauðsynlegra sannanna varðandi heimild hennar til þess að taka út af áður nefndum reikning. G var því látin bera hallann af því að láta það hjá líða.

Ekki var talið að sýnt hefði verið fram á að umboðsmaður í þessu tilfelli G hefði haft umboð L til þess að ráðstafa fjárhæðum af reikningi L þrátt fyrir að munnlegt umboð hafi verið lagt fyrir, þar sem það taldist ekki sannað. Ef tilkynningarumboð er munnlegt verður því að beina umboðinu til þriðja manns svo að allur vafi sé tekin af, til að umboðið teljist gilt.

Ef afturkalla á tilkynningarumboð verður að gera það á sama máta og það var sett á. Í 14. gr. sml. er fjallað um afturköllun tilkynningarumboðs, þar segir að umboð sem birt hefur verið í blöðum eða með sambærilegum hætti, teljast vera afturkölluð með sambærilegum hætti og umboðið var birt. Stundum er ekki hægt að koma því á framfæri beint til þriðja manns að umboðsmaður hafi umboð, þá er hægt að beina tilkynningu til þriðja manns með öðrum hætti, til að mynda með almennri tilkynningu í dagblöðum. Þá getur umbjóðandi brugðið á það ráð að fá umboðsmanni umboðskjal til sönnunar fyrir því umboði sem umboðsmaður hefur. Getur hann þá sýnt þriðja manni umboðskjalið til staðfestingar að hann hafi umboð sbr. 16. gr. sml.

53

⁵² Lennart Lynge Andersen og Palle Bo Madsen. (2001). *Aftaler og mellemand*. Bls. 291

⁵³ Lennart Lynge Andersen og Palle Bo Madsen. (2001). *Aftaler og mellemand*. Bls. 291

5 Stöðuumboð

5.1 Almenn

Talað er um að stöðuumboð (d. stillingsfuldmagt) sé hagnýtasta form umboðs. Þegar maður setur annan mann í stöðu hjá sé felur það gjarnan í sér ákveðið umboð. Starfsmaður hefur þá ákveðna heimild, honum er falið að fara með málefni þess sem hann vinnur hjá.⁵⁴ Í greinagerð með frumvarpi að samningalögunum kemur fram hugtakið stöðuumboð. Hugtakið er lýsandi fyrir það að starfsmaður er í stöðu til þess að fara með umboð. Fjallað er um stöðuumboð í 2. mgr. 10. gr. sml. en tilgreint er að starfsmaðurinn hafi þá umboð sem lög eða venjur setja.⁵⁵

Sé maður, samkvæmt samningi við annan mann, í stöðu, er eftir lögum eða venju felur í sér heimild til þess að reka erindi hins innan vissra takmarka, þá telst hann hafa umboð til þess að gera þá löggerninga, sem innan þeirra takmarka eru.

Stöðuumboð er það umboð sem almenningur verður helst var við daglegu lífi. Eins og 2. mgr. 10. gr. sml. mælir fyrir um þá eru viðsemjendum sagt á óbeinan hátt að starfsmaður hafi umboð atvinnuveitenda á vissum sviðum og fyrir tiltekinn aðila.⁵⁶

Segir í málsgreininni að það verði að liggja fyrir samningur á milli umboðsmanns og umbjóðanda, þessi samningur er fólgin í stöðu umboðsmannsins. Staða umboðsmanns til þess að koma fram fyrir hönd annarra fer þá eftir lögum og venjum. Það er þá ekki skilyrði að þriðji maður þekki til ráðningarsambandsins, né stofnunar stöðuumboðsins, en stöðuumboð krefst engra sérstaka upplýsinga til þriðja manns enda er um sjálfstætt umboð að ræða. Þegar upp kemur vafi um heimild umboðsmanns, getur hann sýnt fram á hvaðan umboðið er upprunnið. Í vafaatriðum getur umfjöllun, t.d. tilkynning um ráðningu í starf móttökuritarara o.fl. verið til marks um að umboð sé til staðar ef það er þörf á að viðurkenna stofnun stöðuumboðs.⁵⁷

Stöðuumboð er algengasta tegund umboðs, til að mynda getur aðstoðarmaður á skrifstofu farið út í búð keypt vöru og sett hana í reikning og þjónustufulltrúinn í bankanum hefur heimild til þess að veita lán innan vissra marka. Með þessu bindur starfsmaður hendur vinnuveitenda síns. Ef að stöðuumboð væri ekki til þá myndi það skapa óþarfa vandræði. Það er þá ekki skilyrði að þriðji maður sé sérstaklega upplýstir um stöðuumboð umboðsmannsins en stöðuumboð getur myndast vegna heimildar í lögum eða venju eins og áður sagði.⁵⁸

⁵⁴ Lennar Lyngge Andersen og Palle Bo Madsen. (2012). *Aftaler og Mellemmænd*. Bls. 278

⁵⁵ Alþingistíðindi, 1935 A, þskj. nr. 428, bls. 790

⁵⁶ Mads Bryde Andersen. (2005). *Grundlæggende aftaleret*. Bls. 283.

⁵⁷ Lennar Lyngge Andersen og Palle Bo Madsen. (2012). *Aftaler og Mellemmænd*. Bls. 278

⁵⁸ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 183

Þó svo að stöðumboð felist í starfi einstaklings þýðir þó ekki að einstaklingur sem stendur bakvið borðið hjá kaupmanninum hafi umboð hans til þess að selja vöruna. Sama gildir ef starfsmaður í vöruhúsi vinnur sama starf og yfirmaður þá gefur það honum ekki sama umboð og það sem felst í starfi yfirmannsins.⁵⁹ Í dómi Hæstaréttar Danmerkur frá 12. október 2001 í máli *UfR. 2002, bls.179* var deilt um það hvort að þjónn hefði í kjölfar stöðumboðs sín haft heimild til þess að panta hreingerningarpjónustu.

UfR. 2002, bls.179

Málavextir voru þeir að T var þjónn á veitingarstað R, hann hafði pantað hreingerningarpjónustu hjá S. Ekki var talið að T hafði haft umboð vegna stöðu sinnar til að kaupa þessa þjónustu af S. S gat ekki sýnt fram á að T hefði haft stöðumboð, S var því dæmt til að endurgreiðslu á þeirri upphæð sem T hafði greitt S fyrir hönd R.

Litið var til þess að það taldist ekki til venju að þjónn pantaði hreingerningarpjónustu. Fór þjónninn því út fyrir umboð sitt og var þriðji maður látinn bera hallann af því. Samkvæmt gagnályktun frá 1. mgr. 10. gr. sml. er reglan sú að ef umboðsmaður fer út fyrir heimildina sem umboðið ber með sér, þá er umbjóðandi ekki skuldbundinn af gerningi umboðsmannsins.

5.2 Umboðs- og heimildarpáttur

Stöðumboð er sjálfstætt umboð eins og áður sagði, en það þýðir að það hafi sjálfstæða tilveru gangvart þriðja manni. Umboð og heimildin þurfa þá ekki að fara saman eins og þegar um heimildarumboð er að ræða.⁶⁰ Það er mikilvægur greinamunur á því hvort að umboð hafi sjálfstæða tilveru gangvart þriðja manni eða ekki. Skiptir þá mestu máli hvernig umboðið hefur myndast, er þá einnig mikilvægt að greina á milli heimildarinnar og umboðsins. En aðalmálið eru mörk umboðsins. Heimild umboðsmanns liggur í yfirlýsingu sem umbjóðandi hefur gefið umboðsmanni sínum. Samningalögin nota orðið *heimild* en er merkingin með orðinu „að reka erindi innan vissra marka“. Umboðið myndar mörkin sem fólgin eru í heimildinni, umbjóðandi veitir umboðsmanni þetta umboð til þess að koma fram í sínu nafni og skuldabinda hann gangvart þriðja manni.⁶¹

Umboðið snýr semsagt að réttarsambandinu á milli umbjóðandans og þriðja manns. En heimildarpátturinn snýr þá að réttarsambandinu á milli umbjóðandans og umboðsmannsins. Umboðsmaður getur skuldbundið umjóðanda sinn með löggerningi þrátt fyrir að umboðsmaður

⁵⁹ Carl Jacob Arnholm. (1974). *Lærebok I – Avtalerett*. Bls. 122

⁶⁰ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 180

⁶¹ Lennart Lynge Andersen. (2005). *Aftaleloven med kommentarer*. Bls. 94-95.

fari fram fyrir þá heimild sem honum var gefin.⁶² Getur það meðal annars falið í sér að umboðsmaður kaupi bíl fyrir umbjóðanda sinn, umboðsmaðurinn hefur heimild til þess að kaupa bíl fyrir ákveðna upphæð. Umboðsmaður kemur fram í nafni umbjóðanda síns en fer út fyrir heimild sína og kaupir dýrari bíl en heimild hans sagði til um. Umbjóðandinn verður skuldbundinn gangvart þriðja manni svo lengi sem þriðji maður var grandlaus um að umboðsmaðurinn fór út fyrir heimild sína.⁶³ Þessu til skýringar má benda á dóm Hæstaréttar frá 14. mars. 1970 í máli *Hrd. 1972, bls. 261 (157/1970)*.

Hrd. 157/1970.

G gaf út framskrírteini sem umboðsmaður útgerðar I. Voru þessi farmskrírteini gefin út af umboðsmanninum fyrir hönd skipstjóra og voru talin grundvöllur fyrir réttarstöðu sammingsaðila sín á milli. G var skipamiðlari og var óheimilt að gefa út skírteini þetta. Komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að G (umboðsmanninum) hefði verið óheimilt að gefa út þetta skírteini með ákveðnum ákvæðum, hefðu þau verið innan marka umboðsins.

Upplifun þriðja manns á samningunum skiptir einnig máli þegar kemur að því hvort að umbjóðandi verði bundinn af gerningi umboðsmanns. Það getur skipt máli við mat á því hvað fellur undir mörk umboðs, hvað hefur verið sagt og hvað hefur verið skrifað í samningarviðræðunum.⁶⁴ Ef umboðsmaður er innan heimildar umboðsins þá bindur það umbjóðandann sjá dóm Hæstaréttar Danmerkur í máli 26. maí 2011, en í máli UfR. 2011, bls. 2313 var umboðsmaður talinn vera innan umboð síns og var umbjóðandi þar af leiðandi skuldbundinn þriðja manni.

Svo að umbjóðandi verði bundinn af samningi sem umboðsmaður hefur framkvæmt, verður samningurinn að hafa verið gerður í nafni umbjóðanda sbr. 1. mgr. 10. gr. sml. Umbjóðandi getur svo eftir atvikum farið í mál ef hann telur að umboðsmaðurinn hafi farið út fyrir heimild sína, en umboðsmaður getur verið skaðabótaskyldur sbr. 25. gr. sml.⁶⁵ Nánar verður fjallað um skaðabótaskyldu umboðsmanns í kafla 6.3 hér á eftir.

5.3 Stofnun stöðuumboðs

Þrjú skilyrði verða að vera fyrir hendi svo að gerningur umboðsmanns sé fullgildur gagnvart umbjóðanda hans. Í *fyrsta lagi* verður umboðið að vera bundið við stöðu umboðsmanns sem hann gegnir í þjónustu annars aðila.⁶⁶ Í dómi Hæstaréttar frá 22. júní 1928 í máli *Hrd. 1928*,

⁶² Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 187.

⁶³ Lennar Lyngge Andersen og Palle Bo Madsen. (2012). *Aftaler og Mellemmænd*. Bls. 286.

⁶⁴ Lennar Lyngge Andersen og Palle Bo Madsen. (2012). *Aftaler og Mellemmænd*. Bls. 287.

⁶⁵ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 187.

⁶⁶ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 183.

bls. 845 (87/1928.) var framkvæmdarstjóra hlutafélags samkvæmt *stöðu* sinni heimilt að taka við endurgreiðslu á láni og kvitta fyrir henni fyrir hönd félagsins. Í dómi Hæstaréttar frá 25. mars 1960 í máli *Hrd. 1960, bls. 351 (13/159)* var stjórnarformaður samkvæmt *stöðu* sinni talinn hafa haft umboð til þess að skuldbinda fyrirtæki með yfirlýsingu í bréfi sem hann sendi E. Bréfið fól það í sér að E þyrfti ekki að greiða fyrir ákveðna fylgihluti vegna bifreiðar.

Hrd. 13/1959.

Málavextir voru þeir að E hafði pantað bifreið ásamt tilheyrandi fylgihlutum hjá S. Mistök voru gerð á pöntuninni og fékk E aðra bifreið afhenta, en án fylgihluta. E var lofað að hann fengi fylgihlutina síðar. Dráttur var á afhendingu hlutana. E fékk þá bréf í hendur undirritað af stjórnarformanni S þess efnis að hann fengi hlutina afhenta sér að kostnaðarlausu. S afhenti E síðar fylgihlutina en taldi þá ekki vera innifalda í verði sem E hefði greitt. Taldi S sig ekki bundinn af áður nefndu bréfi er E hefði fengið frá stjórnarformanni S. Var stjórnarformaðurinn talinn hafa umboð vegna *stöðu* sinnar til þess að annast slík viðskipti. Taldi dómurinn að S væri bundinn af bréfi stjórnarformannsins og að E ætti að fá fylgihlutina sér að kostnaðarlausu.

Í dómi Hæstaréttar frá 13. febrúar 1997 í máli *Hrd. 1997, bls. 586 (214/1996)* reyndi á það hvort að lögmaður væri vegna *stöðu* sinnar fær um að taka við greiðslu tildæmdra fjárhæða fyrir hönd skjólstæðings síns frá váttryggingarfélagi umbjóðandans.

Hrd. 214/1996.

Málavextir voru þeir að G flutti mál fyrir hönd A, krafðist hann greiðslu skaðabóta vegna líkamstjóns. Váttryggingarfélag S greiddi bæturnar samkvæmt dómi til G. G greiddi A aðeins hluta bóttanna en notaði eftirstöðvarnar í eigin þágu. G varð gjaldþrota og bú hennar eignalaust. A stefndi S til greiðslu bóttanna. Deilt var um það hvort að G hefði haft umboð til þess að taka við tildæmdum bótum frá S, þar sem G hefði einungis haft umboð til flutnings dómsmáls. Hæstiréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms sem komst að þeirri niðurstöðu að sbr. 4. gr. laga nr. 6/1942 hefur lögmaður umboð er hann sækir fyrir dómþing fyrir aðila, nema annað sé sannað. Ekkert hefði komið fram sem sýndi fram á að A hefði veitt G umboð til að taka við greiðslu bóttanna. Greiðsla var því á eigin áhættu V. Umboð G var því ekki talið bundið í *stöðu* hennar og var V dæmt til að greiða A eftirstöðvar bóttanna.

Í *öðru lagi* verður vinnusamningur að vera fullgildur og liggja til grundvallar *stöðunni* eða starfinu, verður þá vinnusamningurinn að varða það tiltekna starfs sem um ræðir. Getur það þó farið eftir venju hversu umfangsmikið umboðið er sem felst í vinnusamningnum.⁶⁷ Í dómi Hæstaréttar frá 14. júní 2012 í máli *Hrd. 14. júní 2012 (655/2011)* reyndi á það hvort að lögreglustjóra hefði verið heimilt að gera starfslokasamning sem skuldbatt íslenska ríkið.

Hrd. 655/2011

Málavextir voru þeir að V gerði samning við J um starfslok V. J gegndi hlutverki forstöðumanns Lögreglustjórans á Suðurnesjum og starfaði hann samkvæmt lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. V fékk greitt samkvæmt samningi þar til fjársýsla ríkisins (hér eftir F) hætti allt í einu greiðslum til V. Var því haldið fram af F að J hefði ekki haft heimild til þess að gera áður nefndan samning. Dómurinn komst að þeirri

⁶⁷ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 183.

niðurstöðu að J hefði haft stöðumboð sem forstöðumaður Lögreglustjórans enda starfaði hann samkv. áður nefndum lögum nr. 70/1996. En í 42. gr. – 46. gr. laganna er kveðið á um að forstöðumaður stofnunar geri m.a. ráðningarsamning við starfsmann og hafi forstöðumaður þá einnig heimild til þess að slíta ráðningarsamningi við starfsmann.

Var J talinn hafa lögbundið stöðumboð, var það þá talin vera venja að ef menn hófu störf eða létu að störfum fengi málið skoðun hjá starfmannaskrifstofu lögreglustjórans eða undirmanna lögreglustjóra. Var forstöðumaðurinn talinn vera innan þess umboðs sem kvað á um í áður nefndum lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að umboðsmaður gegni stöðu sinni þegar hann stofnar til löggerningsins.⁶⁸ Í dómi Hæstaréttar frá 19. september 2002 í máli *Hrd. 2002, bls. 2762 (102/2002)* var deilt um það hvort að milliliður milli seljanda og kaupanda hefði stöðumboð vegna hlutverks hans í samningarviðræðum.

Hrd. 102/2002

Deilt var um hvort að Á hefði verið umboðsmaður P og hefði þá haft stöðumboð. Málavextir voru þeir að P vildi kaupa vörubifreið og setti sig í samband við Á skv. auglýsingu í blaði. Bauð Á P til Danmerkur að skoða bifreiðina sem og P gerði. Á aðstoðaði P við kaup á vörubifreið frá seljandanum P. P samþykkti að kaupa bifreiðina þar sem Á fullyrti að það kostaði ekki mikið að breyta bifreiðinni, svo að hún hentaði þörfum Á og var samningur þess efnis undirritaður. Daginn eftir hafði P samband við Á og sagði að hann ætlaði að hætta við kaupin þar sem komið hefði í ljós að breyting á bifreiðinni yrði mun meiri en Á áætlaði. P sagðist ekki hafa fengið vitneskju um að Á hætti við kaupin í tíma. P hélt því fram að komin væri á samningur milli P og Á sem yrði að standa. P hélt því fram að Á væri aðstoðarmaður sinn og hefði ekki haft umboð til þess að lofa því að kostnaður við að breyta bifreiðinni yrði lítill. Að öllu virtu áleit dómurinn að Á hefði haft stöðumboð sem sölumaður P og hafði heimild til þess að taka við tilkynningu þess efnis að P ætlaði að hætta við kaupinn.

Þó svo að Á væri ekki starfsmaður P, kom hann fram fyrir hans hönd og talið var að hann *gegndi stöðu* sölumanns og hefði því stöðumboð sem slíkur. Taldi dómurinn ósanngjarnt að halda P við samninginn þar sem hann hefði mátt ætla að Á kæmi fram fyrir hönd P.

Í dómaframkvæmd hefur reynt á það hvers konar stöðumboð vinnusamningar hafa veitt aðilum. Hefur þá einnig reynt á það hvort að verksamningar geti veit aðilum stöðumboð.

5.3.1 Verk – og vinnusamningar

Verksamningar eru þeir samningar þegar verktaki, annar aðili réttarsambandsins, tekur að sér að vinna eða annast gegn endurgjaldi, tiltekið verk fyrir gagnaðila sem er þá verkkaupi. Verktaki ábyrgist þá verkaupa árangur verksins.⁶⁹ Þegar um er að ræða verksamning er almennt talið að umboð sé bundið við eitt ákveðið verk eða sé bundið við framkvæmd eins eða fleiri

⁶⁸ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 183

⁶⁹ Þorgeir Örlygsson, Benidikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson. (2009). *Kröfuréttur I*. Bls. 413

nánar tiltekinna verka.⁷⁰ Í dómi Hæstaréttar Danmerkur frá 31. október 1979 í máli *UfR. 1980, bls. 238* var arkitekt talinn hafa haft *stöðuumboð* til að skuldbinda verkkaupa í sambandi við mannvirkjagerð fyrir viðskiptavini sína, dómurinn er reifaður í kafla 5.4.

Það er einkennandi fyrir vinnusamning að launþegi skuldbindur sig til að starfa hjá vinnuveitanda, á hans ábyrgð og undir stjórn hans. Vinnuveitandi er þá ábyrgur fyrir því að greiða starfsmanni fyrir hans störf.⁷¹ Ef umboðið er mjög víðtækt og til langs tíma er almennt talað um vinnusamning.⁷² Starfsmaður er ráðinn til starfa og er það megin skylda hans að vinna þau störf sem hann er ráðinn til. Við ráðningu starfsmanns er oft á tíðum samið við hann um að hann gegni ákveðnum störfum eða að starf hans sé innann ákveðins verksviðs. Oftast eru þetta munnleg fyrirmæli og venjur, frekar en skrifleg fyrirmæli. Starfslýsing starfsmanns er því oft á tíðum ófullkomin þó svo að við hann hafi verið gerður ráðningarsamningur. Alengt er að verkstjóri eða yfirmenn séu ráðnir til að hafa umsjón með störfum almennra starfsmanna. Koma þeir fram í umboði atvinnurekanda og hafa þar af leiðandi stöðuumboð til að taka almennar ákvarðanir sem felast í verkstjórn og því að beita skipunarvaldi^{73, 74}

Í álitum umboðsmanns frá 23. maí 2001 í máli *UA 23. maí 2001 í máli nr. (2970/2000)* var deilt um það hvort að hjúkrunarforstjóri hefði heimild til þess að ákveða starfslok A á grundvelli *stöðuumboðs*.

UA 2970/2000

Málavextir voru þeir að deilt var um lögmati þess að ráðningarsamningi A væri rift. Samkvæmt 43. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (hér eftir stml), er það forstöðumaður sem hefur rétt til þess að segja upp starfsmönnum. Því var haldið fram að H hefði með valdframsali sbr. 50. gr. stml. frá forstöðumanni haft umboð til þess að rifta samningi A. Taldi umboðsmaður að hjúkrunarforstjórinn (hér eftir H) hefði ekki haft stöðuumboð til þess að rifta ráðningarsamningi við A. En taldi umboðsmaður að framsal valds til H hefði ekki verið lögum samkvæmt.

Er álit umboðsmanns í samræmi við regluna um að þrjú skilyrði verði að vera uppfyllt svo að stöðuumboð telst vera fyrir hendi og að stöðuumboð hafi stofnast.⁷⁵ Taldi

⁷⁰ Páll Sigurðsson. (2004) *Samningaréttur*. Bls. 178.

⁷¹ Þorgeir Örlygsson, Benidikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson. (2009). *Kröfuréttur I*. Bls. 413

⁷² Páll Sigurðsson. (2004) *Samningaréttur*. Bls. 178

⁷³ **Orðskýring:** Rétt til þess að ráða fólk til starfa og segja því upp störfum, að ósk atvinnurekanda eða eftir þörfum. Verður þó allt að vera eftir ákvæðum laga og kjarasamninga. Rétt á því að koma á nauðsynlegu eftirliti m.a. þá að fylgjast með gæðum starf, vinnutíma starfsmanna og þess háttar. Rétt til þess að gefa fyrirmæli um hvernig tilhögun starfsins skal vera á vinnustaðnum. Rétt til þess að taka ákvarðanir um matar og kaffitíma starfsfólks innan marka kjarasamninga. Rétt til að stjórna verkum og segja til um hvernig þau skulu unnin. Heimild: Lára V. Júlíusdóttir. (2008). *Vinumarkaðsréttur*. Bls. 193

⁷⁴ Lára V. Júlíusdóttir. (2008). *Vinumarkaðsréttur*. Bls. 193

⁷⁵ Sjá stofnun stöðuumboðs í kafla 4.3

umboðsmaður að það fælist ekki í stöðu H að ákveða starfslok A, þar sem það var ekki innan valdsviðs H. Vissulega var vinnusamningur fullgildur, en hann gat ekki talist liggja til grundvallar þess starfs sem fólst í stöðu hjúkrunarforstjóra sbr. lög eða venjur, þar sem valdframsal var ekki framkvæmt með réttum hætti.

Í álitum umboðsmanns frá 13. júlí 2001 í máli *UA 13. júlí 2001 í máli nr. (3077/2000)* þótti það aftur á móti innan valdsviðs hjúkrunarforstjóra að ráða menn til starfa, þar sem það var gert með réttum hætti.

UA nr. 3077/2000

Deilt var um það hvort að hjúkrunarforstjóri hefði vald skv. stöðumboði sínu að ráða í störf innan spítala. Rakið var að hægt væri að framselja vald forstöðumanna stofnanna en það yrði að gera skriflega sbr. 50. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Taldi umboðsmaður að valdið hefði ekki verið framselt með nógu skýrum hætti. Sendi umboðsmaður bréf til umboðsmanns þess efnis. Í svarbréfi frá Landsspítala til umboðsmanns var vísað til þess að ráðning hefði farið fram innan hjúkrunarþáttar skv. stöðumboði og hefði sú skipan gilt um áraraðir. Með vísan til alls þessa taldi umboðsmaður að valdið hafi verið framselt til hjúkrunarforstjórans og hefði hann umboð vegna stöðu sinnar að ráða menn til starfa.

Í dómi Hæstaréttar frá 27. mars. 2014 í máli *Hrd. 27. mars 2014 (750/2013)* taldi dómurinn það ekki utan stöðumboðs starfsmanns banka að veita frest á greiðslu vaxta, en taldi bankinn sig ekki bundinn að þeirri ráðstöfun starfsmanns síns.

Hrd. 750/2013

Deilt var meðal annars um það hvort að starfsmanni hefði verið heimilt vegna stöðu sinnar, að veita frest til greiðslu dráttarvaxta. Starfsmaður banka hafði sent bréf þess efnis að X þyrfti ekki að borga áfram að láni sínu þar sem mál hans væri í athugun hjá bankanum. Töldu yfirmenn bankans sig ekki bundna af þessum pósti starfsmannsins. Komst héraðsdómur að þeirri niðurstöðu að það væri ekkert sem benti til þess að starfsmaðurinn hefði verið utan marka stöðumboð síns og því bindandi fyrir bankann.

Stöðumboð telst þá stofnað þegar umboð er bundið við stöðu, umboðsmaður verður þá að gegna stöðu sinni þegar stofnað er til löggernings og þá verður vinnusamningur að vera í gildi. Nokkur munur er á verk- og vinnusamningum, en þegar um verksamning er að ræða er samningurinn yfirleitt bundinn við eitt verk og verktaki skuldbindur sig til að ábyrgjast að verkið sé unnið, en með vinnusamningum skuldbindur aðili til stafa í lengri tíma á ábyrgð vinnuveitenda. Getur verksamningur þá eftir atvikum einnig bundið umbjóðanda sbr. dóm Hæstaréttar Danmerkur frá 31. október 1979 í máli *UfR. 1980, bls. 238*

Í álitum umboðsmanns frá því 23. maí 2001 í máli *UA 23. maí 2001 í máli nr. (2970/2000)* og í dómi Hæstaréttar 27. mars. 2014 í máli *Hrd. 27. mars 2014 (750/2013)* sem reifaðir eru hér að

ofan, má sjá að umfang umboðsins felst í vinnusamningi, í álitum umboðsmanns frá 13. júlí 2001 í máli *Hrd. 2001, bls. 4074 (170/2001)* og í dómi Hæstaréttar frá 14. júní 2012 í máli *Hrd. 14. júní 2012 (655/2011)* sem reifaður var í kafla 5.3. gaf starfslýsing lögum samkvæmt það til kynna að starfsmaður væri innan heimildar stöðuumboðs síns. Vinnusamningar geta þá bæði veitt stöðuumboð lögum samkvæmt og getur stöðuumboðið einnig falist í starfslýsingu viðkomandi starfs.

5.4 Reglur um stöðuumboð og heimild umboðsmanns

Löggjafinn hefur orðað stöðuumboð í nokkrum lagabálkum, sem dæmi má nefna er stöðuumboð sérstaklega nefnt í tveimur lagabálkum, Sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011,⁷⁶ og Siglingarlögum nr. 34/1985,⁷⁷. Í 3. másl. 2. mgr. sveitastjórnarlaga er tiltekið að ákvarðanir starfsmanna sveitarfélags hafa almennar heimildir sem leiða að stöðuumboði þeirra, að taka ákvarðanir er varða daglegan rekstur og þjónustu sveitarfélags. Í Siglingarlögum er kveðið á um stöðuumboð í nokkrum greinum, í 13. gr. er kveðið á um að skipstjóri hafi umboð samkvæmt stöðu sinni að gera samninga fyrir hönd útgerðarmanns, varðandi meðferð skips o.fl. Það er þá tekið fram í 3. másl. 3. mgr. 13. gr. að þó svo að löggerningurinn hafi ekki verið nauðsynlegur þá bindur hann samt sem áður útgerðarmann ef viðsemjandi var grandlaus. Í 2. mgr. 14. gr. er kveðið á um að skipstjóri hafi samkvæmt stöðu sinni umboð til þess að gera löggerninga og sækja mál fyrir eiganda farms eftir ákveðnum reglum. Í 2. tl. 1. mgr. 204. gr. er þá vísað í að farmflytjandi eða skipstjóri hafi samkvæmt stöðuumboði heimild til að skuldbinda farmeiganda. En 13. gr. siglingarlaga eru skýrasta dæmið þar sem vísað er til stöðuumboð starfsmanns fyrir utan 2. mgr. 10. gr. samningalaga.⁷⁸ Lögmaður getur þá einnig haft lögbundið stöðuumboð en reifaðir verða nokkrir dómur því til stuðnings seinna í kaflanum.

Flestar tegundir umboða byggja á viljayfirlýsingu frá umboðanda til umboðsmanns eða þriðja manns og getur það verið munnlegt eða skriflegt umboð. Þegar kemur að stöðuumboði er annar háttur á. Þá er umboðið falið í stöðunni eða af venju sem hefur skapast í kringum starfið.⁷⁹ Af orðalagi 2. mgr. 10. gr. sml. er hægt að gera ráð fyrir því að orðið stöðuumboð eigi aðeins við starfandi einstakling.⁸⁰ Löggjafinn tekur ekki skýlausa afstöðu um það hvað felst í ákveðnum störfum og starfsheitum í mismunandi atvinnugreinum enda gerir hann heldur ekki tilraun til

⁷⁶ Hér eftir Sveitastjórnarlög

⁷⁷ Hér eftir Siglingarlög

⁷⁸ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 183

⁷⁹ Lennart Lynge Andersen. (2005). *Aftaleloven med kommentarer*. Bls. 76

⁸⁰ Mads Bryde Andersen. (2005). *Grundlæggende aftaleret*. Bls. 283.

þess. Almennt gildir það, að ef það er vafi, verði að meta það m.a. eftir iðnaði, stöðu, atvinnugrein, hegðun eða fyrirmælum umbjóðanda. Einkenni viðskiptanna hafa einnig mikil áhrif. Dæmi má nefna að þegar við förum út í stórmarkað og verslum vörur, þá hefur hin almenni starfsmaður ekki heimild til þess að gefa afslátt á vörunni, það gildir þá sama regla hvort að keypt er ein pera eða tíu. Það kann þó annað að vera upp á teningnum sé keypt vara af vínsalanum, en venjan er sú að það falli ekki utan stöðuumboðs vínsalans að veita afslátt ef keypt er vín í miklu magni. Þannig getur það verið mismunandi eftir starfi hvaða stöðuumboð starfsmaður hefur.⁸¹

Í dómi Hæstaréttar Danmerkur frá 31. október 1979 í máli *UfR. 1980, bls. 238* var deilt um það hvort að arkitekt gæti haft *stöðuumboð* til þess að skuldbinda verkkaupa.

UfR. 1980, bls. 238

Málavextir voru þeir að eftir að verktaki B hafði tilkynnt arkitekt A um fyrirhuguð viðskipti þeirra á milli væru of dýr og vildi verktakinn hætta við. A tilkynnti þá að C hefði þegar hafist handa við smíði hurða sem voru sérsníðnar fyrir verkið. Þar sem talið var að A væri að vinna fyrir B, hafði A því haft stöðuumboð til þess að skuldbinda B. B var dæmdur til þess að greiða C uppsett verð vegna hurðanna. A var ekki talinn hafa farið út fyrir umboð sitt.

Arkitektinn var verktaki en samt sem áður talin geta skuldbundið verkkaupa. Arkitektinum hafði verið falið umboð fyrir hönd verkkaupa til þess að koma fram fyrir hans hönd. Hann var því talin vera innan stöðuumboðs síns í samskiptum sínum við C.

Í dómi Hæstaréttar Danmerkur frá 2. september 1999 í máli *UfR. 1999, bls. 1935* var deilt um það hvort að samningur sem framkvæmdarstjóri gerði væri í samræmi við *stöðuumboð* hans.

UfR. 1999, bls. 1935

Málavextir voru þeir að fjárfestingarfélag S sem var í eigu A, seldi sjálfseignarstofnuninni K eign. K starfaði í almannaþágu og markmiðið var byggja félagslegar íbúðir. S krafðist þess að K myndi taka þátt í kostnaði við niðurrif á byggingum á lóðinni. Var gerður samningur þess efnis og var hann undirritaður af F sem var framkvæmdarstjóri K. S taldi að það hefði komist á skuldbindandi samningur á milli K og A með samningi sem var gerður af F. K neitaði að borga. Félagið var ekki talið skuldbundið af samningnum, þar sem framkvæmdarstjórinn F var ekki talin hafa heimild til þess að gera samninga sem voru svona óvenjulegir og í ósamræmi við markmiðið með kaupunum.

Hér má sjá að umboðsmaður S fór út fyrir heimildarþátt sinn þar sem ósamræmi var með samningnum og markmiðinu með kaupunum. Var K ekki skuldbundinn af samningnum á milli F og A.

⁸¹Lennart Lynge Andersen. (2005). *Aftaleloven med kommentarer*. Bls. 97

Í dómi Hæstaréttar frá 25. mars 1960 í máli *Hrd. 1960 bls. 351 (13/1959)* sem var reifaður í kafla 5.3 var stjórnarformaður talinn samkvæmt *stöðu* sinnar getað skuldbundið fyrirtæki með bréfi sem hann ritaði, þess efnis að E var ekki talinn þurfa að greiða fyrir varahluti. Hann var talinn hafa umboð vegna *stöðu* sinnar.

Í dómi Hæstaréttar frá 19. október 2006 í máli *Hrd. 2006, bls. 4289 (54/2006)* var deilt um það hvort að G sem var einn meðeigandi lóðar hefði *stöðuumboð* til þess að gera bindandi kaupsamning fyrir hönd allra eiganda lóðarinnar þar sem hann var eigandi stærsta hluta lóðarinnar.

Hrd. 54/2006

Málavextir voru þeir að G hafði skrifað undir samning fyrir hönd allra eigenda (hér eftir E) um sölu lóðar þeirra. G var eigandi stærsta hluta lóðarinnar. G fékk tilboð í hendurnar frá Á fyrir hönd L. G sendi Á gagnaþilboð sem var síðar samþykkt af Á fyrir hönd L. Deilt var um hvort að G hafði haft umboð frá E og þar að leiðandi hvort að kaupsamningurinn væri bindandi fyrir E. Kom fram að E hefði ekki haft neina vitneskju um kaupsamninginn á milli Á og G og að G hefði aldrei fengið neitt umboð frá E til að semja um sölu á áður nefndri lóð í eigu G og E. Taldi G sig hafa umboð til þess að gera samning fyrir hönd E, en komst síðar að því að það væri á misskilningi byggt. Taldi Á að G hefði umboð vegna *stöðu* sinnar sem eigandi stærsta hluta lóðarinnar. Komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að Á hefðu sérþekkingu vegna *stöðu* sinnar sem fasteignarsalar og hefðu átt að gera sér grein fyrir því sbr. 2. mgr. 7. gr. fasteignarlaga, að umboðsmaður sem kemur fram fyrir hönd fasteignareiganda verði að hafa skriflegt umboð þess efnis. Taldi dómurinn því ekki að bindandi samningur hefði komist á milli G,E og L.

Í dómnum kemur fram að Á hefði sérþekkingu vegna *stöðu* sinnar sem fasteignarsali, Á var því ekki grandlaus um heimildarskort G, þar sem það er skylda að umboðsmaður eiganda í fasteignarviðskiptum hafi skriflegt umboð frá umbjóðendum sínum. Er dómurinn því í samræmi við 1. mgr. 11. gr. sml. í því samhengi að ef þriðji maður er grandvís⁸² um umboðsleysi umboðsmanns er umbjóðandi ekki skuldbundinn af samningnum.

Í dómi Hæstaréttar frá 14. júní 2012 sem var reifaður í kafla 5.3. komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að forstöðumaður hefði haft heimild til að gera starfslokasamning við starfsmann sem batt íslenska ríkið. Var *stöðuumboð* talið felast í heimild forstöðumannsins sbr. lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

⁸² **Orðskýring:** Sama og grandsemi, eða að vera ekki í góðri trú. Heimild: Páll Sigurðsson. (2008). *Lögfræðiorðabók með skýringum*. Bls. 171

Í dómi Hæstaréttar frá 17. janúar 2013, í máli *Hrd. 19. desember 2012 (304/2012)* var deilt um ráðstöfun bóta, þá hvort að framkvæmdarstjóri hefði samkvæmt *stöðu* sinni haft heimild til móttöku og ráðstafanna bóta.

Hrd. 317/2012

Málavextir voru þeir að einkahlutafélagið E fékk tryggingarbætur frá S. K sem var stjórnarformaður og framkvæmdarstjóri E tók við bótunum og ráðstafaði þeim. Taldi E að K hefði ekki haft heimild til móttöku bótanna og S hefði því ekki verið heimilt að greiða bæturnar til K. Komast dómurinn að þeirri niðurstöðu S hafi verið í góðri trú þegar félagið lagði fjárhæðina inn á reikning K og væri ekkert sem benti til annars. Komst dómurinn jafnframt að þeirri niðurstöðu að K sem var stjórnarformaður, framkvæmdarstjóri og prókúruhafi hafi haft fulla heimild í krafti *stöðu* sinnar til að taka við bótagreiðslu og ákveða hvernig henni ætti að ráðstafa. Hafði E ekki sýnt fram á að K hafi farið út fyrir sitt valdsvið. S var því sýknað af kröfum E um endurgreiðslu.

Í dómnum má sjá að það eru engar vísbendingar sem benda til þess að þriðji maður hefði mátt vita að framkvæmdarstjórinn hefði ekki umboð til móttöku en dómurinn er því í samræmi við gagnályktun frá 1. mgr. 11. gr. að ef þriðji maður er grandlaus þá beri hann ekki hallann af umboðsskorti umbjóðanda.

Í dómi Hæstaréttar frá 19. desember 2012 í máli *Hrd. 19. desember 2012 (304/2012)* reyndi á það hvort að oddviti Frjálslynda flokksins gæti ráðstafað fjárframlagi á grundvelli *stöðu* sinnar innan flokksins og haft eftir því *stöðuumboð*.

Hrd. 304/2012

Málavextir voru þeir að deilt var um hvort að Reykjavíkurborg hefði efnt skyldu sýna til greiðslu á lögbundnu fjárframlagi til Frjálslynda flokksins. Fjárframlagið hafði verið greitt inn á reikning Borgarmálafélags F-lista að beiðni oddvita Frjálslynda flokksins. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að oddviti flokksins hefði ekki haft *stöðuumboð* sbr. 2. mgr. 10. gr. sml. til þess að ráðstafa greiðslunni, oddviti listans getur komið fram fyrir hönd þeirra sem náðu kjöri af listanum en það veiti honum ekki umboð til þess að binda með ráðstöfunum sínum þau stjóramálasamtök sem buðu listann fram. Benti héraðsdómur einnig á það að oddviti flokksins hefði gegnt *stöðu* borgarstjóra hjá Reykjavíkurborg og var meðal annars prókúruhafi borgarsjóðs og æðsti yfirmaður starfsmanna Reykjavíkurbogar, gat hann þá skuldbundið Reykjavíkurborg sbr. 55. gr. þágildandi sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Því var ekki hægt að halda fram að Reykjavíkurborg væri grandlaus um að oddvitann hefði skort heimild til þess að ráðstafa áður nefndri greiðslu. Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms.

Fólst það því ekki í *stöðu* oddvitans af ráðstafa greiðslu fyrir hönd flokksins. Það verður að vera ákveðin festa og varanleiki í starfssambandinu svo að það sé hægt að gera ráð fyrir því að starfsmaður gegni *stöðuumboði*. Til að mynda hefur lögmaður ekki *stöðuumboð* umbjóðanda síns þó svo að hann sinni máli umbjóðanda síns á almennan hátt. Umboð lögmanns fellur að

mestu leiti undir annarskonar umboð en stöðuumboð eins og fjallað var um í byrjun kaflans.⁸³ Atvik hafa komið upp þar sem lögmaður var talinn hafa umboð vegna stöðu sinnar.

Í dómi Hæstaréttar frá 24. nóvember 1976 í máli *Hrd. 1976, bls. 984 (22/1975)* reyndi á hvort að lögmaður hefði haft *stöðuumboð* til þess að undirrita skjöl fyrir umbjóðanda sinn.

Hrd. 22/1975

Málavextir voru þeir að lögmaður undirritaði skilnaðarskilmála fyrir hönd umbjóðanda síns. Lögmaðurinn hafði spurt í hvort að hann ætti ekki að sækja um skilnað fyrir hana. Í játaði því en henni hafi ekki verið gert ljóst að það væri nauðsynlegt að ganga frá skiptum eigna og öðru áður en skilnaðarleyfi væri gefið út. Í komst að því að skilnaðarleyfi hefði verið gefið út en hún hefði aldrei undirritað samning þess efnis. Deilt var um hvort að lögmaður í gæti vegna stöðu sinnar skrifað undir samninginn fyrir hennar hönd. Taldi dómurinn að lögmaðurinn hefði ekki haft stöðuumboð sbr. 2. mgr. 10. gr. sml og 4. gr. þágildandi laga nr. 61/1942 um lögmennt. Samningurinn var því ekki skuldbindandi fyrir Í.

Í dómi Hæstaréttar frá 15. nóvember 2001 í máli *Hrd. 2001, bls. 4074 (170/2001)* var deilt um *stöðuumboð* lögmanns til þess að taka við boðun vegna fundar.

Hrd. 170/2001.

Málavextir voru þeir R óskaði eftir skiptum á jörð, landskiptanefnd var skipuð í kjölfarið af sýslumanni. B lögmaður I kom fram fyrir hans hönd, ásamt sonum I. Mætti B m.a. á fund ásamt sonum sínum, ásamt því að rita bréf og lögfræðilega álitsgerð fyrir I. B fékk fundarboð fyrir hönd I, í fundarboðinu kom fram að nefnd myndi taka ákvörðun um málið í kjölfar fundarins. Brýnt var fyrir aðilum að koma með athugasemdir og önnur gögn ef þeir óskuðu þess. Enginn mætti fyrir hönd aðila máls á fundinn. Í taldi að það hefði átt að senda sonum hans fundarboðið en ekki B. Komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að það væri innan umboðs lögmanns að taka við bréfi um boðun fundar, enda hefði átt að afturkalla stöðuumboð lögmannsins ef hann hefði ekki átt að hafa umboð.

Í dómi Hæstaréttar frá 26. október 2004 í máli *Hrd. 2004, bls. 3951 (415/2004)* taldi skiptastjóri að lögmaður hefði *stöðuumboð* vegna lögmannsumboðs gæti talist málsvari gerðarþola.

Hrd. 415/2004

Málavextir voru þeir að lögmaður mætti fyrir hönd gerðarþola. Deilt var um heimild lögmanns til þess að lýsa yfir eignarleysi fyrir hans hönd, og þá hvort að lögmaðurinn gæti talist vera málsvari gerðarþola. Skiptastjóri (hér eftir S) taldi að lögmaður gæti komið fram fyrir hönd S og hefði hann umboð til þess að lýsa yfir eignaleysi umbjóðanda síns. Taldi S umboðið hvíla á heimildarumboði ásamt því að lögmaðurinn væri með stöðuumboð vegna lögmannsumboðs síns. Í 62. gr. laga um aðför, nr. 90/1989, er kveðið á um að gerðarþoli eða málsvari hans verði að vera viðstaddur gerðina. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að umboð lögmanns sbr. 21. gr. um lögmennt, til að koma fram fyrir hönd umbjóðanda síns á dómþingi og gæta hagsmuna hans, fæli í sér heimild til að gæta hagsmuna gerðarþola við aðför hjá sýslumanni en það fæli ekki í sér umboð til þess að lýsa yfir eignarleysi gerðarþola í fjárnámi. Hæstiréttur felldi úrskurð héraðsdóms úr gildi og taldi að lögmaður gæti komi fram fyrir hönd umbjóðanda

⁸³ Páll Sigurðsson. (2004) *Samningaréttur*. Bls. 184

síns, ef hann segist hafa umboð til þess. Lögmaðurinn var því talin hafa umboð til þess að lýsa yfir eignarleysi skjólstæðing síns.

Lögmaður getur einnig gegnt lögbundnu stöðuumboði en dæmi um það er til að mynda í lögum um lögmenn nr. 77/1998. Í 21. gr. laganna er fjallað um málflutningsumboð lögmanns, þá er stöðuumboðið bundið við flutning máls fyrir dómi. Þá er einnig tekið fram í 2. mgr. 21. gr. laganna að umboð lögmannsins sé fólgið í því að gæta hagsmuna aðila fyrir dómi. 2. máls. 2. mgr. 21. gr. kveður þá um að umbjóðandi sé bundinn af ráðstöfunum lögmannsins þrátt fyrir að hann fari út fyrir þá heimild sem umbjóðandi veitti honum. Er þetta í samræmi við meginreglu 1. mgr. 10. gr. sml. sem fjallað var um í kafla 6.2. að svo lengi sem umboðsmaður heldur sig innan ramma umboðsins þá getur umbjóðandinn verið skuldbundinn. Mætti þá einnig vísa til þess að í kennsluriti í samningarétti eftir Arnholm er talað um neyðarrétt með það að sjónarmiði að gæta hagsmuna umbjóðanda síns.⁸⁴

5.5 Rýmkuð á stöðuumboði í norrænum rétti.

Í norrænum rétti virðist hugtakið stöðuumboð hafa verið rýmkað í dómaframkvæmd, í Danmörku hefur atferlisumboð (d. adfærdsfuldmagt) verið fært undir hugtakið stöðuumboð sbr. 2. mgr. 10. gr. sml. Heimild til umboðs er þá færð undir ákvæðið þó svo að það uppfylli ekki skilyrðin til þess að geta talist vera stöðuumboð. Hér skiptir þá máli hvort að umbjóðandi hafi sýnt af sér tómlæti með því að umbera það atferli sem umboðsmaður heldur frammi gagnvart þriðja manni. Það er því mikilvægt að líta til atferlis umbjóðanda þegar kemur að því að meta hver eigi að bera áhættuna á athöfnum umboðsmanns.⁸⁵

Þegar umboðsmaður kemur fram í umboðsleysi hefur verið deilt um hver skuli bera áhættuna. Þegar litið er til jafnræðisgrundvallar⁸⁶ þykir réttast að dæma eftir væntingum sem löggerningur hefur skapað hjá þriðja manni, rétt þykir þá að þriðji maður skuli vera varinn gagnvart atferli umboðsmannsins. Stöðuumboð hefur verið talið öruggasta umboðið þegar kemur að starfsmönnum fyrirtækis, en þá er starfið grundvöllur umboðsins. Má því leiða líkur á að starfsmaður í fyrirtæki, sem kemur fram fyrir hönd fyrirtækis, hafi rétt til þess. 2. mgr. 10. gr. sml. hefur almennt verið skýrt þröngt, en þegar kemur að atferlisumboði er það metið hvort að umbjóðandi hafi haft tækifæri, meðal annars til að skýra þriðja manni frá því að umboðsmaður hafi komið fram í umboðsleysi, en látið það hjá leiðast.⁸⁷

⁸⁴ Páll Sigurðsson. (2004) *Samningaréttur*. Bls. 189

⁸⁵ Lennart Lyngé Andersen. (2009). *Adfærdsfuldmagt – nogle kommentarer til U 2009.665 H*

⁸⁶ **Orðskýring** : Að báðir aðilar hafi jafnan rétt

⁸⁷ Lennart Lyngé Andersen. (2009). *Adfærdsfuldmagt – nogle kommentarer til U 2009.665 H*

Kurt Grönfors, hefur rannsakað atferlisumboð og skiptir því upp í samlegðarumboð (d. kombinationfuldmagt) og tómlætisumboð (d. tolerancefuldmagt). Notkun á atferlisumboði birtist þannig í dómaframkvæmd Hæstaréttar Danmerkur að dómurum hefur þótt rétt að láta menn gjalda fyrir það að láta hjá leiðast, með tómlæti sínu, að neita andmælaréttar þegar þeir hafa fengið tækifæri til að skýra mál sitt. Andstætt við stöðuumboð þar sem það er í raun viljayfirlýsing eða heimild umbjóðanda til umboðsmanns sem er grundvöllur að því að umbjóðandi er bundinn við löggjörninginn. Atferlisumboð krefst þess að umbjóðandi hafi sýnt af sér annað atferli sem gefur þriðja manni tilefni til þess að ætla að umboðsmaður hafi fullt umboð til þess að framkvæma löggjörning. Umbjóðandi hefur þar með sýnt það með aðgerðarleysi sínu að umboðsmaðurinn hafi umboð frá honum og með þegjandi samþykki sínu, veitt öðrum aðila heimild til þess að binda hann með samningi. Grandlaus þriðji maður ætti því ekki að bera áhættuna af því að umboðsmaður komi fram í umboðsleysi.⁸⁸ Í dómi Hæstaréttar Danmerkur frá 21. apríl 1969 í máli *UfR. 1969, bls. 380* var deilt um hver ætti að borga reikning vegna vinnu verktaka.

UfR. 1969, bls. 380

Fyrirtæki sem veitti bókhalds- og skattaráðgjöf með áskriftarfyrirkomulagi. A var ráðin til starfa við fyrirtækið en starfaði sem verktaki, vinna hans var fólgin í veðsetningu. Á reikningum félagsins stóð afgreiðsla og skoðun vegna veðsetningar greiðist samkvæmt reikning. Deilt var um hver ætti að borga reikning vegna vinnu A. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að fyrirtækið hafði ekki gert þriðja manni nægjanlega grein fyrir því að starfsemi A væri ekki innifalinn í starfsemi fyrirtækisins. Fyrirtækið var því látið bera hallan af því og greiða reikning A.

Vísar dómurinn hér til athafnarleysis fyrirtækisins og er fyrirtækið því látið bera hallann af því að þriðji maður væri ekki nægjanlega vel upplýstur um starfshætti fyrirtækisins.

Í dómi Hæstaréttar Danmerkur 9. desember 2008 í máli *UfR. 2009, bls. 665* reyndi á hvort að ætlaður umboðsmaður hefði haft stöðuumboð til þess að undirrita samninga fyrir hönd fyrirtækis og hvort að þriðji maður hefði mátt reikna með því að starfsmaðurinn hefði umboð til þess að gera binda fyrirtækið með löggjörningi.

UfR. 2009, bls. 665

Í dómi Hæstaréttar Danmerkur í máli U 2009.665 H reyndi á hvort farið hefði verið eftir reglum um umboð. Málavextir voru þeir að M og P höfðu gert samning við K um kaup í fyrirtæki K fyrir hönd D, inn í samningnum voru bónusgreiðslur til K. Var samningurinn undirskrifaður 24. janúar 2002. M hafði svo einn skrifað undir ráðningarsamning við K sem innihélt aðrar bónusgreiðslur, en M var varaformaður D og hafði komið fram sem slíkur í samningaviðræðunum. Ágreiningur reis á milli K og D um ráðningarsamninginn og bónusgreiðsluna í honum. Deilt var um hvort að

⁸⁸ Lennart Lynge Andersen. (2009). *Adfærdsfuldmagt – nogle kommentarer til U 2009.665 H*

M hefði farið út fyrir umboð sitt þegar hann undirritaði einn seinni samninginn við K. M hafði áður gert samning fyrir hönd fyrirtækisins og kom þá upp vafi hvort hann hafi verið með full umboð og heimild til þess að skuldbinda fyrirtækið. Vísað var til nýtískulegra gerða við samningsgerð, D setti ekki út á samninginn en áréttaði að M yrði að afla samþykkis við gerð næsta samnings. Nú hafði M aftur gert samning án þess að hafa samband við yfirmenn sína og M var í kjölfar þess lækkaður í tign, þar sem hann undirritaði skjöl án samþykkis stjórnanda. Ástæðan fyrri því að hann hefði ekki verið rekinn var sú að hann hefði átt þátt í velgengi fyrirtækisins og átt þátt í að byggja það upp. Það var því mikilvægt vegna sérþekkingar M að hafa hann áfram í starfi innan fyrirtækisins. M hélt því fram á fundi innan fyrirtækisins að hann hafi áframsent öll sín gögn til P og til stjórnarformanns kaupanda. D hefði því vitað af samningnum. Landsréttur komst að þeirri niðurstöðu að samningurinn væri bindandi fyrir K og vísaði til þess að M hefði áður gert samning þar sem vísað var til nýtískulegra viðmiða og sá samningur hélt. Gat rétturinn ekki komið sér sama um það hvort að niðurstaðan væri byggð á stöðuumboði eða hvort það hefði eitthvað annað legið að baki niðurstöðu þeirra sem sagði til um að heimild væri til staðar. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu landsréttar, en á öðrum lagagrundvelli, Hæstiréttur samþykkti ekki vísun í nýtískulegan samning. Komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að samningurinn væri bindandi en áleit að það hefði ekki verið stöðuumboð, heldur væri samningurinn bindandi vegna þess að stjórnendur D hefði látið það hjá leiðast að gera e-h í því þegar M kom fram fyrir þeirra hönd. Þeir höfðu þá sýnt það með atferli sínu að M gæti komið fram fyrir þeirra hönd og hefðu þeir ekki aðhafst neitt, þriðji maður K hefði því verið grandlaus um að M hefði ekki umboð til að koma fram fyrir þeirra hönd.

Hæstiréttur er hér að vísa til atferlisumboðs þó svo að þeir orði það í raun ekki beint. M hafði áður komið fram í samningaviðræðum fyrir hönd fyrirtækisins en ásamt formanni fyrirtækisins P. Fyrirtækið D hefði því haft alla burði til þess að láta K vita að M gæti ekki komið einn fram fyrir hönd fyrirtækisins, en athöfðust ekkert í þá veru.⁸⁹

Með þessum dóm hefur atferlisumboð náð sterkri fótfestu sem lagalegur grundvöllur í dönskum rétti. Notkun á atferlisumboði gefur til kynna að dönskum dómurum finnst það nauðsynlegt að láta umbjóðendur gjalda fyrir tómlæti sitt. Þeir hafa fengið tækifæri til að skýra mál sitt, en hafa látið það kyrrt liggja og ekkert aðhafst. Krafa um atferlisumboð koma fyrst og fremst upp í málum þar sem fyrirtæki er bundið reglunum um stöðuumboð. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir þessum tveimur tegundum umboða. Þegar um stöðuumboð er að ræða er fyrst og fremst litið til þess hvaða ráðstöfun er verið að tala um. Þegar kemur að atferlisumboðið er fyrst og fremst litið til þess hvaða atferli liggur að baki löggerningnum.⁹⁰

Líta má til dóms Hæstaréttar frá 19. september 2002 í máli *Hrd. 2002, bls. 2762 (102/2002)* sem reifaður var í kafla 5.3., en taldi dómurinn að þó svo að Á hefði ekki verið starfsmaður B hafði hann hagað sér sem slíkur. Má þá velta vöngum um hvort að Hæstiréttur sé farinn að líta til dómafordóma á Norðurlöndunum og rýmka þar með hvað fellur undir hugtakið stöðuumboð 2. mgr. 10. gr. sml. Dómurinn féll þó ekki á 2. mgr. 10. gr. sml heldur var fallist á með Þ að það

⁸⁹ Lennar Lynge Andersen og Andreas Tamasauskas. (2008). *Tegning og fuldmagt – nogle perspektiver*.

⁹⁰ Lennar Lynge Andersen og Palle Bo Madsen. (2012). *Aftaler og Mellemmænd*. Bls. 284

væri ósanngjarnt að halda honum við samninginn og var samningnum vikið til hliðar í heild sinni með stoð í 36. gr. sml.

5.6 Brottfall stöðumboðs

Meginreglan er að umbjóðandi skuli nota sömu aðferð og hann notaði við að gefa umboðið ef þess er kostur. Þessi aðferð er þá notuð til þess að afturköllun umboðsins nái til sömu aðila og í upphafi þegar umboð var veitt.⁹¹ 15. gr. sml. segir til um brottfall stöðumboðs, en stöðumboð telst vera afturkallað þegar umboðsmaður lætur að störfum. Það ætti því að vera nægjanlegt að starfsmaður segi upp eða honum sé sagt upp svo að umboð teljist brottfallið. Það er samt mismunandi hvað þarf til svo að stöðumboð sé talið brottfallið. Til að mynda ef skipstjóra er sagt upp en hann starfar enn á skipinu og stjórnar því, þá hefur hann ennþá umboð sem fellst í starfinu skipstjóra út á við. Það getur því verið mismunandi hvenær umboðið telst brottfallið.⁹²

Ef umboð hefur verið lýst ógilt eða það verið afturkallað, en umbjóðandi hefur ástæðu til þess að halda að umboðsmaður muni samt sem áður gera löggerning í nafni umbjóðanda við þriðja mann, og umbjóðandi má ætla að þriðji maður sé grandlaus um að umboð sé fallið niður. Verður umbjóðandi að skýra þriðja manni frá því ef hann hefur færi á því. Ef umbjóðandi aðhefst ekki í þá átt er löggerningur skuldbindandi fyrir hann ef þriðji maður er grandlaus sbr. 19. gr. sml. Umboð getur þá einnig haft ákveðin tímamörk og eftir þann tímaramma sem umboðinu var gefið, telst umboðið fallið niður. Umboð getur þá einnig fallið niður stökum notkunarleysis. Ef það er svo sterk ástæða til að ógilda löggerning er umbjóðandi ekki bundinn af samningi, jafnvel þó svo að þriðji maður hafi verið í góðri trú. Á þetta þá sérstaklega við það ef krafa er gerð þess efnis að umbjóðandi sé orðin lögráða.⁹³

⁹¹ Páll Sigurðsson. (2004) *Samningaréttur*. Bls. 203

⁹² Alþingistíðindi, 1935 A, þskj. nr. 428, , bls. 792

⁹³ Lennar Lyngge Andersen og Palle Bo Madsen. (2012). *Aftaler og Mellemmænd*. Bls. 297-298

6 Heimildir umboðsmanns

6.1 Hversu víðtæk er heimild umboðsmanns

Svo að löggerningur umboðsmanns skapi rétt og skyldur fyrir umbjóðanda verða tvö skilyrði að vera uppfyllt. Löggerningurinn verður að fara eftir meginreglum samningaréttar og teljast þá fullgildur, þá verður löggerningurinn einnig að vera innan ramma þess umboðs sem umbjóðandi hefur sett umboðsmanni sbr. 1. mgr. 10. gr. sml.⁹⁴

Umboðsmaður verður að vera sjálfráða og verður hann þá einnig að vera fjárráða ef umboðið snertir fjármál umbjóðanda.⁹⁵ Heimild sem umboðsmaður hefur til þess að gera löggerning í nafni umbjóðanda síns fer eftir þeim löggerningi sem umbjóðandinn hefur gert við hann. Þ.e. umboðsmaður á að fara eftir fyrirmælum umbjóðanda. Ef sú staða kemur upp að umboðsmaður brýtur í bága við þau fyrirmæli sem hann hefur fengið frá umbjóðanda sínum getur verið að gerningurinn sé ógildur.⁹⁶

6.2 Undantekningarregla 11. gr. sml.

Meginreglan er eins og áður segir að ef umboðsmaður heldur sig innan ramma umboðsins, skiptir í raun ekki máli hvort að umboðsmaður fari aðeins út fyrir sérstök tilmæli frá umbjóðanda, varðandi réttarsambandið á milli umbjóðanda og þriðja manns. 11. gr. sml. kveður hinsvegar á um undantekningu frá þessari reglu.⁹⁷

Í 1. mgr. 11. gr. sml segir að ef umboðsmaður hafi gert löggerning, og brotið í bága við þau fyrirmæli sem umbjóðandi gaf honum og þriðji maður hafi vitað af því. Þá sé löggerningur ekki skuldbindandi fyrir umbjóðandann. Þetta á þá einnig við þó svo að umboðsmaður hafi verið innan takmarka umboðsins. Hafi þriðji maður aftur á móti verið grandlaus og mátti ekki vera það ljóst að umboðsmaður hafi brotið fyrirmæli umbjóðanda síns, getur löggerningur verið skuldbindandi fyrir umbjóðandann. Það veltur þá á því hvort að umboðið hafi sérstaka tilveru gagnvart þriðja manni eða ekki.⁹⁸ Á þetta við um sjálfstæðu umboðin þ.e. tilkynningarumboð og stöðuumboð.⁹⁹ Til skýringar er dómur Hæstaréttar frá 5. febrúar 2009 í máli *Hrd. 5. febrúar*

⁹⁴ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 187-188

⁹⁵ Árni Tryggvason og Bjarni Bjarnason. (1952). *Formálabók*. Bls. 167

⁹⁶ Alþingistíðindi, 1935 A, þskj. nr. 428, , bls. 790

⁹⁷ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 187-188

⁹⁸ Alþingistíðindi, 1935 A, þskj. nr. 428, bls. 790

⁹⁹ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 188

2009 (266/2008) sem reifaður er í kafla 4.1 var umbjóðandi bundinn við samning umboðsmanns síns þó svo að umboðsmaður hafi farið út fyrir umboð sitt, þar sem að þriðji maður var grandlaus.

Í 2. mgr. 11. gr. sml. er svo kveðið á um að sama gildi þó svo að þriðji maður sé grandlaus. Ef að þriðji maður hefur engar sannanir í höndunum um umboð umbjóðsmanns og hann verður að taka orð hans trúanleg, verður þriðji maður að sýna sérstaka varkárni.¹⁰⁰ Má þá sjá dóm Hæstaréttar frá 21. október 1993 í máli *Hrd. 1993, bls. 1802 (271/1991)* var deilt um það hvort að húsasmíðameistari hefði haft umboð frá verkkaupa til þess að fá arkitekt til þess að breyta teikningum.

Hrd. 271/1991

Málavextir voru þeir að S lét endurbæta timburhús sitt. S fékk U arkitekt til að gera uppdrætti að endurbótum. S fékk T húsasmíðameistara til þess að vinna verkið samkvæmt reikningi. S ákvað í samráði við T að breyta teikningum U. T fékk þá R til að hanna og teikna breytingarnar. Ekki þótti sannað að T hefði haft umboð frá S til þess að gera breytingar á kostnað S. Var T ekki talinn hafa umboð, stöðu sinni samkvæmt til þess að láta R teikna breytingarnar, án þess að fá samþykki fyrir því hjá S. Var R látinn bera hallan af því að geta ekki sannað að T hefði haft umboð frá R.

Þarna kemur greinarmunur á heimildarumboði og sjálfstæðu umboði, eins og áður sagði þá þurfi heimildin og umboðið að fara saman í heimildarumboði en ekki sjálfstæðu umboði.¹⁰¹ Ef þriðji maður hefur ekki kynnt sér umboð umboðsmanns nægjanlega eins og 2. mgr. 11. sml. segir til um þá getur það þótt eðlilegra að þriðji maður að beri hallann á því.

Þrátt fyrir að 1. mgr. 11. gr. segi til um að löggerningur verði skuldbindandi ef umboðsmaður fari út fyrir heimild sína, geta komið upp tilvik þar sem umbjóðandi er bundinn við gerninginn þrátt fyrir heimildarleysi umboðsmanns. Getur það einkum verið ef umboðsmaður fer út fyrir umboð sitt með það að markmiði að vernda hagsmuni umbjóðanda síns. Getur þetta skapast út frá neyðarrétti eða reglum um óbeðinn erindisrekstur.¹⁰²

6.3 Skaðabótaábyrgð umboðsmanns

Gerningar sem umboðsmaður gerir innan marka umboðs, verða skuldbindandi fyrir umbjóðanda sbr. 1. mgr. 10. gr. sml. Umboðsmaðurinn ber þá enga ábyrgð á þeim gagnvart þriðja manni, nema hann hafi sérstaklega tekið á sig ábyrgð. Það sama á við þó svo að

¹⁰⁰ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 188

¹⁰¹ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 188

¹⁰² Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 191

umboðsmaður hafi farið út fyrir umboð sitt og brotið í bága við fyrirmæli umbjóðanda síns, en samt haldið sig innan marka umboðsins. Á þetta við umboð sem hafa sjálfstæða tilveru gangvart þriðja manni og mætti þriðji maður því ætla að umboðsmaður væri innan marka umboðs síns. Þegar svo er háttað fær þriðji maður þann rétt á hendur umbjóðanda sem hann gerði ráð fyrir að fá. Ef umboðsmaður hefur ekki umboð en umbjóðandi samþykkir gerninginn eftir á, þá hefur hann sama skuldbindandi gildi og ef umboðsmaður hefði haft umboð.¹⁰³ Ef umboðsmaður hefur farið út fyrir heimild sína eða þau fyrirmæli sem umbjóðandi lét honum í té, getur umboðsmaður orðið bótaskyldur gangvart umbjóðanda. Fer það þá eftir almennum reglum kröfuréttar.¹⁰⁴ Ákvæði 1. mgr. 25. gr. sml. kveður á um skaðabótaábyrgð umboðsmanns, en ákvæðið er svo hljóðandi:

Sá, sem kemur fram sem umboðsmaður annars manns, ábyrgist, að hann hafi nægilegt umboð. Sanni hann eigi, að hann hafi slíkt umboð eða að gerningur sá, sem hann gerði, hafi verið samþykktur af þeim manni, sem hann taldi sig hafa umboð frá, eða að gerningurinn af öðrum ástæðum sé skuldbindandi fyrir þann mann, skal hann bæta það tjón, sem þriðji maður verður fyrir við það, að gerningnum verður eigi beitt gegn þeim manni, sem sagður var vera umbjóðandi.

Meginreglan er sú að þó svo að umboðsmaður fari út fyrir umboð sitt eða hann reynist ekki hafa umboð þá skaðar það ekki hagsmuni þriðja manns. Á þetta þó aðeins við þegar umbjóðandi er fjárráða. Ákvæði 1. mgr. 25. gr. sml. felur í sér hlutlæga ábyrgðarreglu, en bótaskylda getur stofnast þrátt fyrir að sök sé ekki til staðar. Miðar ákvæðið við að þriðji maður verði eins settur og ef staðið hefði verið við samninginn. Getur þriðji maður því ekki krafist annars en bóta í peningum.¹⁰⁵

Í áður nefndum Hæstaréttardómi frá 21. október 1993. Í máli *Hrd. 1993, bls. 1802 (271/1991)*, sem var reifaður í kafla 6. 2. fór T sem var húsasmíðameistari út fyrir heimild sem fólst í umboði hans frá verkkaupa. Deilt var um hver væri ábyrgur fyrir greiðslu til arkitekts. T hafði fengið arkitektinn R til þess að breyta teikningum vegna smíða á húsi sem hann var að vinna við. Ekki var talið að umbjóðandinn væri bundinn af samningi sem gerður var á milli T og R. Bæri R því að snúa sér að T með kröfu sína um greiðslu, sbr. 1. mgr. 25. gr. sml. en þar segir að sá sem kemur fram sem umboðsmaður annars manns, ábyrgist það að hann hafi nægilegt umboð. Ef umboðsmaður getur ekki sýnt fram á að hann hafi umboð eða að gerningur sá sem hann gerði

¹⁰³ Alþingistíðindi, 1935 A, þskj. nr. 428, bls. 795

¹⁰⁴ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 190

¹⁰⁵ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 200

hafi eigi verið samþykktur af umbjóðanda, skal umbjóðandi bæta það tjón sem þriðji maður verður fyrir. Var því T sem umboðsmaður ábyrgur fyrir greiðslu til R en ekki umbjóðandinn.

Ef umboðsmaður vill tryggja að hann standi algerlega utan réttarsambandsins sem myndast gagnvart viðsemjanda verður hann að hafa gefið það ótvírætt í skyn, svo að viðsemjandi viti það með fullri vissu að hann komi fram í nafni annars manns. Ef umboðsmaður gerir það ekki getur hann sjálfur orðið bundinn við löggerninginn.¹⁰⁶ Í dómi Hæstaréttar Danmerkur frá 10. maí. 1973 í máli *UfR. 1973, bls. 870* var deilt um hver bæri ábyrgð á greiðslu vegna vörupöntunar.

UfR. 1973, bls. 870

Um var að ræða verkfræðing sem starfaði fyrir verksala nokkurn. Hann hafði pantað vöru fyrir verksalann, en gaf hvorki til kynna að hann væri ekki að panta vöruna fyrir sjálfan sig né gaf upp nafn verksalans. Heldur hafði hann pantað vöruna í eigin nafni. Verkfræðingurinn var því talinn bera ábyrgð á greiðslu vegna vörunnar.

Getur komið upp sú staða að umboðsmaður telur sig hafa umboð vegna stöðu sinnar en umboðið er ekki til staðar. Ef umboðsmaður var grandlaus um umboðsleysi sitt verður umboðsmanni ekki gefið neitt að sök. Enda þykir það ósanngjarnt að láta hann bera áhættuna af því að löggerningurinn gefi ekki þriðja manni þann rétt sem löggerningurinn átti að veita honum. Sú staða getur komið upp að þriðji maður sé grandvís um umboðsleysi umboðsmanns. Verður þá umboðsmaður ekki skaðabótaskyldur, en þykir þá eðlilegast að þriðji maður beri ábyrgð á löggerningi sem hann gerir og beri hann ábyrgð á áhættunni sjálfur.¹⁰⁷

Í áður nefndum dómi Hæstaréttar frá 19. október 2006 í máli *Hrd. 2006, bls. 4289 (54/2006)* sem var reifaður í kafla 5.4 fór Á/stefnandi fram á skaðabætur þar sem umboðsmaður hefði í umboðsleysi meðeigenda sinna gert gagntilboð í þeirra nafni. Talið var að þrátt fyrir að umboðsmaður hefði ekki haft heimild til þess að gera gagntilboðið hefði Á sem var þriðji maður mátt vita, vegna stöðu sinnar sem fasteignarsali, að það þyrfti skriflegt umboð frá umbjóðanda svo að umboðsmanni væri heimilt að koma fram fyrir hans hönd sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 40/2002 um fasteignarkaup. Umboðsmaður var því ekki skaðabótaskyldur sbr. 2. mgr. 25. gr. sml.

¹⁰⁶ Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur*. Bls. 191

¹⁰⁷ Alþingistíðindi, 1935 A, þskj. nr. 428, bls. 796

Sama á þá við ef að umboðsmaður hefur ekki fengið vitneskju um að umboð sé fallið úr gildi. Þá er talið eðlilegast að þriðji maður geri löggerning á eigin ábyrgð og sjálfs síns áhættu. Ef umboðsmaður er fór eftir umboði en það var ógilt að ástæðum sem gátu ekki verið umboðsmanni kunnar þá er hann ekki bótaskyldur. Til að mynda má þá nefna að ef umbjóðandi hefur orðið gjaldþrota og auglýsing þess efnis hefur ekki borist til umboðsmanns, getur hann ekki hafa mátt vita að hann væri að fara út fyrir umboð sitt. Í öðrum tilfellum þegar umboðsmaður fer út fyrir heimild sína telst það eðlilegt að hann sé látinn bera ábyrgð á gerðum sínum. Ábyrgð af þessu tagi er sú sama og venja var talin heimila áður. Verður þá umboðsmaður að bæta það tjón sem þriðji maður verður fyrir, verður þá gjörningurinn ekki bindandi fyrir umbjóðanda sbr. 25. gr. sml.¹⁰⁸ Af þessu má áætla að vinnuveitandinn eða sá sem veitti umboðið er ekki skaðabótaskyldur sbr. 25. gr. sml. ef umboðsmaður bakar öðrum tjón með því að halda sig ekki innan umboðs síns. Með gagnályktun frá 25. gr. sml. má því draga þá ályktun að vinnuveitandi er ekki skaðabótaskyldur samanber reglum samningalaga þegar umboðsmaðurinn fer út fyrir þau mörk sem umboðið veitti honum.¹⁰⁹ Skaðabótaskyldan takmarkast við það hvort að þriðji maður eigi rétt á því að fá bætur. Þriðji maður getur ekki fengið skaðabætur ef það er ljóst að umbjóðandi sé gjaldþrota eða ólögráða. Því þá er talið ljóst að þriðji maður hefði ekki hagnast neitt þó að samningur hefði verið fullgildur.¹¹⁰

¹⁰⁸ Alþingistíðindi, 1935 A, þskj. nr. 428, bls. 796

¹⁰⁹ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 279

¹¹⁰ Lennart Lyngge Andersen og Palle Bo Madsen. (2001). *Aftaler og mellemænd*. Bls. 319, neðanmálsgrein 41

7 Þarf að endurskoða lagareglur um stöðuumboð?

Samningalögin voru sett árið 1917 í Danmörku og árið 1936 á Íslandi, lögin hafa lítið breyst frá því að þau hafa verið sett en tíðarandinn hefur breyst mikið. Það sem mun meiri hraði er í samfélaginu og mörg ný stöðuheiti hafa lítið dagsins ljós. Getur verið erfitt að ákvarða hvort að stöðuumboð sé í samræmi við lög eða venju. En stendur í 2. mgr. 10. gr. sml „sé maður, samkvæmt samningi við annan mann, í stöðu, er eftir *lögum* eða *venju* felur í sér heimild [...]“ [skáletrun er höfundar]. Margar spurningar koma upp þegar skoðað er hvað stöðuumboð nái langt. Til að mynda; Er ráðstöfunin óvenjuleg eða er verknaðurinn dæmdur sjálfstætt? Hvað efnahagsleg verðmæti hefur ráðstöfun fyrirtækisins og hvernig viðskiptin er hluti af heildar myndinni? Hefur fyrirtæki það sem þarf til að heiðra samninginn, hefur fyrirtækið áhuga á samningi (eða slíkum samningum)? Hafa gjörðir umboðsmanns skaðað hagsmuni fyrirtækisins? Hefur þriðji maður verið í góðri trú og/eða hafa gjörðir umboðsmann valdið þriðja manni tjóni?¹¹¹

Telur Lennart Lyngé að misræmi sé í því hvernig stöðuumboð er notað, s.s. hvernig stöðuumboð er túlkað í 2. mgr. 10. gr. sml. og hvernig stöðuumboð er notað út í atvinnulífinu. Samningalögin eru tvímælalaust gömul og byggja á gömlum starfsheitum. Telur Lennart Lyngé að skýring á hugtakinu venja í samningalögum gæti verið úreld. Bendir hann á að viðskiptahættir hafa breyst mjög frá því að kaupmaðurinn á horninu var við lýði, nú hafa risið stórmarkaðir og í 90 prósent tilvika veit viðskiptavinurinn ekki hver er umbjóðandinn. Það sé þá einnig mikið meiri hraði í viðskiptum í dag heldur en var árið 1917 þegar samningalögin voru fyrst sett í Danmörku. Nefnir Lennart Lyngé að reglurnar um stöðuumboð hafi byggt á öðrum grunni en er til staðar í dag. Veltir hann því fyrir sér hvort að stöðuumboð byggi enn á viljayfirlýsingu frá umbjóðanda eða hvort tímarnir hafa breytt stöðuumboði þannig að umboðið byggir á því hvernig þriðji maður upplifi það í samningaviðræðum hver umboðsmaður er. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. sml. segir til um það að umbjóðandi er bundinn við þá löggæringa, sem umboðsmaður gerir ef það telst felast í starfi hans sbr. venju. Hefur framkvæmdin orðið þannig í sumum tilfellum að lítið hefur verið frá núverandi kröfu um venju og í sumum tilfellum hefur ekki verið lítið til venju að neinu leiti.¹¹²

¹¹¹ Lennart Lyngé Andersen og Andreas Tamasauskas. (2008). *Tegning og fullmagt – nogle perspektiver*.

¹¹² Lennart Lyngé Andersen. (2004). *Julebog – Hvad må en ledende (bank) medarbejder love kunde ?- Er reglerne om stillingsfuldmagt utisvarende ?* Bls. 22-27

Matthías G. Pálsson telur í grein sinni „Samningalögin sjötug – standast þau tímans tönn?“ að endurskoða þurfi samningalögin, hann telur að lögin séu komin til ára sinna. Styður hann það með þeirri fullyrðingu að aðstæður hafa breyst mjög frá því samningalögin voru sett árið 1936. Hann telur að lögin hafa reynst vel í gegnum árin en hann telur að m.a. vegna breyttra viðskiptahátta, tækninýjunga og erlendra áhrifa þurfi að endurskoða löggjöfina. Nefnir hann að nú þegar hafa verið gerðar breytingar með hliðsjón af ESB eða með lögum nr. 14/1995 og nr. 151/2001 sem voru nefnd í upphafi ritgerðarinnar. Telur Matthías sum ákvæði samningalaganna heldur forneskjuleg og jafnvel úrelt.¹¹³

Þá er einnig hægt að benda á það að lög um hlutafélög voru sett fyrst árið 1921, en árið 1978 voru þau endurskoðuð. Í nefndarálit frá fjárhags- og viðskiptanefnd kom fram að miklar breytingar höfðu átt sér stað í viðskipta- og atvinnulífi. Væri því tímabært að setja ný lög, þar sem hlutafjárlögin væru að mörgu leyti orðin úrelt.¹¹⁴ Í 56. gr. þágildandi Hlutafjárlaga er fjallað um stöðuumboð, en rétt þótti að taka fram að framkvæmdarstjóri gæti komið fram fyrir hönd félags sem væru innan verksviðs hans en voru þau talin upp í 49. gr. laganna.¹¹⁵

¹¹³ Matthías G. Pálsson. (2004). Samningalögin sjötug – standast þau tímans tönn? *Tímari lögfræðinga*. 1.tölub. Bls. 88-94.

¹¹⁴ Nefndarálit um frumvarp til laga um hlutafélög. Frá fjárhags- og viðskiptanefnd. 49. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/99/s/pdf/0476.pdf> [Sótt á vefinn 30.09.2014].

¹¹⁵ Frumvarp til laga um hlutafélög., þskj. 51, 49. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/99/s/pdf/0051.pdf>. [Sótt á vefinn 30.10.2014].

8 Niðurstaða

Markmiðið með ritgerðinni var að gera grein fyrir hugtakinu stöðuumboð, hvað reglur gilda um stöðuumboð, á hverju reglurnar eru byggðar í lögum og hverjar heimildir umboðsmanna eru í kjölfar stöðuumboðs síns.

Stöðuumboð er sjálfstætt umboð, en hefur það þá sjálfstæða tilveru gagnvart þriðja manni. Umboðið og heimildin verða þá ekki að fara saman, heimildin liggur í yfirlýsingu umbjóðanda til umboðsmanns og umboðið snýr þá að réttarsambandinu á milli umbjóðanda og þriðja manns.

Reglur um stöðuumboð er að finna í 2. mgr. 10. gr. sml. Stofnast umboð við það að aðili setur annan mann í stöðu samkvæmt samningi. Þrjú skilyrði verða þá að vera uppfyllt, umboðið verður að vera bundið við stöðuna, það veru að vera gildur verk- eða vinnusamningur, og umboðsmaður verður að gegna stöðunni þegar hann gerir löggerning. Hefur það þá sýnt sig í dómaframkvæmd að verksamningur getur orðið til þess að verkkaupi verði skuldbundinn af gjörðum verktaka sbr. dómur Hæstaréttar Danmerkur frá 31. október 1979 í máli *UfR. 1980, bls. 238*. Stafsmanni getur þá hafa verið vikið úr stöðu en hann samt talinn hafa stöðuumboð sbr. stöðuumboð skipstjóra. Reglurnar eru að mestu leyti byggðar á venju og lögum, en getur starfslýsing viðkomandi starfsmanns falið í sér heimild umboðsins og skiptir ekki máli hvort að hún séu munnleg eða skrifleg.

Svo að löggerningur skapi rétt og umbjóðandinn verði bundinn við samninginn nægir loforð umboðsmanns. Umbjóðandi verður þá bundinn að löggerningi þegar umboðsmaður gerir löggerning í hans nafni. Umboðsmaður getur þó verið sjálfur bundinn við löggerninginn ef það er ekki greinilegt að hann komi ekki fram í eigin nafni sbr. dóm Hæstaréttar Danmerkur frá 10. maí 1973 í máli *UfR. 1973, bls. 870* þar sem verkfræðingur gaf ekki til kynna að hann væri að panta vöru fyrir annan en sjálfan sig. Ekki er þá hægt að binda ætlaðan umbjóðanda við löggerning sem hann hefur ekki samþykkt og getur löggerningur þá ekki talist vera innan stöðuumboðs umboðsmannsins samkvæmt venju, sbr. dóm Hæstaréttar frá 31. október 1993 í máli *Hrd. 1993, bls. 1802 (271/1991)*. En heimild umboðsmanns fellst í því að löggerningur fari eftir meginreglum samningalaga og að umboðsmaður haldi sig innan ramma þess umboðs.

Ef umboðsmaður fer út fyrir heimild sína getur hann orðið skaðabótaskyldur sbr. 25. gr. sml, sbr. dóm Hæstaréttar frá 21. október 1993 í máli *Hrd. 1993, bls. 1802 (271/1991)*, en skaðabótaskyldan takmarkast þó við það hvort að þriðji maður eigi rétt á því að fá bætur, en


meginregluna um bótaábyrgð umboðsmanna er að finna í 1. mgr. 25. gr. sml., en umboðsmaður ber sjálfur sönnunarbyrðina þegar kemur að því að sanna að hann hafi umboð.

Af dómaframkvæmd má álykta að grandleysi þriðja manns skipti meira máli heldur en að sýnt hafi verið fram á að umboðsmaður hafi farið út fyrir umboð sitt. Venja og lög eru þá einnig mikilvæg en til að mynda er hægt að benda á dóm Hæstaréttar Danmerkur 12. október 2001 í máli *UfR. 2002, bls.179* en þar var það ekki talið felast í starfi þjóns að panta hreingerningarþjónustu sbr. venju. Skiptir þá einnig máli að markmið með umboðinu sé í takt við heimildina sbr. dóm Hæstaréttar Danmerkur 2. september 1999 í máli *UfR. 1999, bls. 1935*.

Hegðun umbjóðanda getur verið áhrifaþáttur um hvort að stöðuumboð telst vera til staðar líkt og fram kom í dómi Hæstaréttar frá 19. september 2002 í máli *Hrd. 2002, bls. 2762 (102/2002)* en þar taldist Á vera umboðsmaður, þar sem hann hegðaði sér eins og starfsmaður P, skipti þá höfuð máli að umbjóðandi lét hjá leiðast að leiðrétta að P væri ekki starfsmaður sinn og sýndi þar af sér tómlæti. Dómar Hæstaréttar Danmerkur gefa vísbendingu um að dómstólar séu farnir að líta til atferlisumboði þó svo að þeir orði það ekki. Ef bornir eru saman dómur Hæstaréttar í máli *Hrd. 2002, bls. 2762 (102/2002)* og Hæstaréttar Danmerkur í máli *UfR. 2009, bls. 665* má sjá samnefnara í þeim, en ákveðin hegðun umbjóðanda er samþykkt og er talin vera grundvöllur fyrir því að umboð hafi stofnast þar sem þriðji maður er í góðri trú að umboðsmaður hafi heimild til þess að gera samning.

Verslunarhættir hafa breyst frá því að samningalögin voru sett og mikill hraði og tækninýjungar hafa litið dagsins ljós. Í kjölfarið hafa myndast ný störf og ný starfsheiti. Í 2. mgr. 10. gr. sml. segir að stöðuumboð leiði af lögum eða venju, en svo að venja verði að réttarvenju verða ákveðin skilyrði að vera uppfyllt. Í hraða þjóðfélagsins getur verið erfitt að fylgjast með, en eitt af skilyrðum venju er að hún hafi traustan grundvöll og hún sé rótgróinn. Má af því draga þá ályktun að það gæti verið erfitt að byggja starf á venju sem ber með sér nýtt starfsheiti. Er þá hægt að líta til þess að það þótti tímabært að endurskoða lög um hlutafélög þar sem miklar breytingar höfðu átt sér stað í atvinnu- og viðskiptalífinu frá því löggin voru sett árið 1921.

Þegar dómaframkvæmd hefur verið skoðuð virðist vera mismunandi hvort að dómara vísir til laga, venju eða hvort þriðji maður er áhrifaþáttur í því að stöðuumboð telst vera til staðar. Ýtir það þá undir hugmyndir Lennart Lyng og Matthíasar G. Pálssonar að endurskoða þurfi samningalögin, þar sem viðskiptahættir nútímans hafa tekið svo miklum breytingum bæði með tækninýjungum og viðskiptum við önnur lönd.



Af öllu framangreindu getur talist ljóst að stöðumboð geta verið margvísleg og getur stöðumboð talist vera til staðar svo framalega sem skilyrðum 2. mgr. 10. gr. sml sé fullnægt.

9 Heimildaskrá

Alþingistíðindi

Árni Tryggvason og Bjarni Bjarnason. (1952). *Formálabók*. Reykjavík: Helgafell

Carl Jacob Arnholm. (1974). *Lærebok I – Avtalerett. 2 opplag*. Oslo: Forlag av Johan Grundt Tanum.

Eiríkur Tómasson, Björg Thorarensen o.fl. (2005). *Skýringar við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands*. Sótt 30. sept. 2014 af: <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/frettir/skyringar.pdf>

H. Ussing. (1945). *Aftaler paa formurettens omraade. Anden udgave*. København: G.E.C. Gads forlag – MCMXLV.

Henrik Tamm. (1972). *De nordiske juristmøder 1872-1972 – Nordisk retssamvirke gennem 100 år*. København: Nyt Nordisk Forlag Arnold Busck.

Lára V. Júlíusdóttir. (2008). *Vinumarkaðsréttur – Handrit til kennslu*. Reykjavík: Höfundur.

Lennart Lynge Andersen. (2009). *Adfærdsfuldmagt – nogle kommentarer til U 2009.665 H*. Erhvervsjuridisk Tidsskrift.

Lennart Lynge Andersen. (2005). *Aftaleloven med kommentater*. København: Jurist- og Økonomforbundets Forlag.

Lennart Lynge Andersen. (2004). *Julebog – Hvad må en ledende (bank) medarbejder love kunde ?- Er reglerne om stillingsfuldmagt utisvarende ?* København: Jurist- og Økonomforbundets Forlag.

Lennart Lynge Andersen og Andreas Tamasauskas. (2008). *Tegning og fuldmagt – nogle perspektiver*. Erhvervsjuridisk Tidsskrift. Sótt 15. sept. af <http://jura.karnovgroup.dk/document/7000374631/1?versid=527-1-2007>

Lennart Lynge Andersen og Palle Bo Madsen. (2001). *Aftaler og Mellemænd. 4. udgave*. København: Forlaget Thomson – Gadjura.

Lennart Lynge Andersen og Palle Bo Madsen. (2012). *Aftaler og Mellemænd. 6. udgave*. København: Karnov Group.

Mads Bryde Andersen. (2005) *Grundlæggende aftaleret. 2. omarbejdede udgave*. København: Gads Forlag.

Matthías G. Pálsson. (1966). *Samningalögin sjötug – Standast þau tímans tönn? Tímarit lögfræðinga*. 1.tbl. 2007. Bls. 83 – 97.

Sigurður Líndal. (2010). *Um lög og lögfræði, Grundvöllur laga – réttarheimildir*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Utanríkisráðuneytið. (2011). *Athugasemdir utanríkisráðuneytisins við drög at tillögu Stjórnlagaráðs um kafla um utanríkismál í stjórnarskrá*. Sótt 30. sept. 2014. af <http://stjornlagarad.is/servlet/file/Minnisbla%C3%B0+C+7.7+Utan%C3%ADkisir%C3%A1>

[%C3%B0uneyti.pdf?ITEM_ENT_ID=34755&ITEM_VERSION=1&COLLSPEC_ENT_ID=127](#)

Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skadabótaréttur*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex.

Páll Sigurðsson. (1993). *Lagaþættir II – Greinar af ýmsum réttarsviðum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Páll Sigurðsson. (2008). *Lögfræðiorðabók með skýringum*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex.

Páll Sigurðsson. (2004). *Samningaréttur – Yfirlit um meginreglur íslensk samningaréttar*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex og Lagastofnun Háskóla Íslands.

Páll Sigurðsson. (2009). Samninga- og kröfuréttur. Róbert R. Spanó. (Ritstjóri). *Um lög og létt – Helstu greinar íslenskrar lögfræði. 2 útgáfa*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex.

Þorgeir Örlygison, Benidikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson. (2009). *Kröfuréttur I – Efndir kröfu*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex.

10 Lagaskrá

Lög nr. 7/1936 um samningsgerð, boð og ógilda löggerninga

Lög nr. 34/1985, Siglingarlög

Lög nr. 71/1997, Lögræðislög

Lög nr. 77/1998 um lögmenn

Lög nr. 40/2002 um fasteignarkaup

Lög nr. 138/2011, Sveitarstjórnarlög

Breytingarlög

Lög nr. 11/1986 um samningsgerð, umboð og ógildir löggerningar

Lög nr. 14/1995 um breytingu á lögum nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum

Lög nr. 151/2001 um breytingu á lögum nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum

Lög nr. 72/2003 um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu

Lög nr. 108/2006 um breytingu á ýmsum lögum vegna samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar

Lög nr. 98/2009 um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands

Lög nr. 126/2011 um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands

11 Dómaskrá

Hrd. 1928, bls. 845 (87/1928)

Hrd. 1960, bls. 351 (13/1959)

Hrd. 1976, bls. 984 (22/1975)

Hrd. 1972, bls. 261 (157/1970)

Hrd. 1993, bls. 1802 (271/1991)

Hrd. 1997, bls. 586 (214/1996)

Hrd. 1999, bls. 1817 (406/1998)

Hrd. 2000, bls. 329 (328/1999)

Hrd. 2001, bls. 4074 (170/2001)

Hrd. 2002, bls. 2762 (102/2002)

Hrd. 2004, bls. 3951 (415/2004)

Hrd. 2006, bls. 4289 (54/2006)

Hrd. 5. febrúar 2009 (266/2008)

Hrd. 5. mars 2009 (392/2008)

Hrd. 14. júní 2012 (655/2011)

Hrd. 19. desember 2012 (304/2012)

Hrd. 17. janúar 2013 (317/2012)

Hrd. 10. september 2013 (587/2013)

Hrd. 27. mars 2014 (750/2013)

Danskir dómur

UfR. 1969, bls. 380

UfR. 1973, bls. 870

UfR. 1980, bls. 238

UfR. 1999, bls. 1935

UfR. 2002, bls. 179

UfR. 2009, bls. 665

UfR 2011, bls. 2313

Álit umboðsmanns Alþingis

UA 23. maí 2001 í máli nr. (2970/2000)

UA 13. júlí 2001 í máli nr. (3077/2000)



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY